



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
9. maí 2011  
106. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

**10**  
ÁRA  
2001 - 2011

REST LESNA  
DAGIÐ Á ÍSLANDI\*



**Útgeislun og heilbrigði**  
Í fegurðarsamkeppninni *Goð og gyðjur er leitað að heilbrigðu fólki með útgeislun.*  
**fólk 30**

**Náttvíg eru morðvíg**  
*Osama er nú píslarvottur en Obama fær hlutskipti morðingjans, skrifar Guðmundur Andri.*  
**í dag 13**



**Meistaramir án stiga**  
*Valsmenn eru á toppnum eftir tvær umferðir en Blikar eru án stiga.*  
**sport 24**

**veðrið í dag**

**HLÝNAR N-LANDS** Úrkoma NV-lands fyrirpart dags, skúrir annars staðar. Fremur hægur vindur og hiti á bilinu 6-17 stig.

**VEÐUR 4**

## Launin margföld í Noregi

Fjölmargir lækningar og hjúkrunarfræðingar á Íslandi nota frí til að vinna á hálfgerðum vertíðum í Noregi og Svíþjóð. Þar eru launin miklu hærrí og vinnutíminn styttri. Fagfólk telur stjórnvöld eiga að hafa áhyggjur.

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskir lækningar og hjúkrunarfræðingar fara í miklum mæli til Noregs og Svíþjóðar til að vinna þar í stuttan tíma í senn. Fólk hefur þá ýmist óskað eftir launalausni leyfi frá vinnu hér á landi eða notar sumarleyfi og vaktafrí til þess að fara á hálfgerða vertíð í þessum nágrenna löndum. Launin eru miklu hærrí.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir félagið fá að meðaltali tvær fyrirspurnir á viku um ferðir, aðallega til Noregs. „Þetta er ekki bara til að fá norskar krónur til að koma heim með heldur er fólk orðið þreytt á álaginu hér. Það er orðið þreytt á óvissunni af því að það eru alltaf að koma nýjar

„Þetta er ekki bara til að fá norskar krónur til að koma heim með heldur er fólk orðið þreytt á álaginu hér.

**ELSA B. FRÍÐFINNSDÓTTIR**  
FORMAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA  
HJÚKRUNARFRÆÐINGA

skipanir um breytingar.“ Fólk lifi meðal annars í óvissu vegna samninga og breytinga deilda úr sólarhringsdeildum í dagdeildir. Eyjólfur Þorkelsson, formaður Félags almennra lækna, tekur í sama streng. Ein birtingarmynd lækna skorts hér á landi sé að lækningar upplifi óviðunandi álag í

vinnunni. „Þegar fólk er við það að brenna út er gott að skipta um starfsvettvang og vinna undir öðru kerfi þar sem hlutirnir ganga öðruvísi og jafnvel hraðar og betur fyrir sig. Það er líka það sem fólk hefur sótt í,“ segir Eyjólfur. „Það munar um launin, það eru hærrí laun og styttri vinnutími, en það sem fólk er farið að átta sig á er að það er líka dýrt að lifa í Noregi,“ segir Elsa. Því sé dýrt að flytja með alla fjölskylduna þangað. „Þeir sem geta eru því að fara í þessar styttri ferðir og sætta sig við að vera bara með herbergi á hálfgerðri heimavist, vinna mjög mikið og koma heim með fín laun. Sérstaklega þegar þeim er breytt í íslenskar krónur.“ Um hálfgerða

vertíð sé að ræða þar sem fólk vinni jafnvel tólf tíma á dag alla daga vikunnar. Eyjólfur segir lækna sem hann hafi rætt við aðallega starfa á heilsugæslustöðvum. Þeir vilji ekki fara frá sjúklingum sínum hér á landi, en valið standi jafnvel á milli þess að vinna í tíu mánuði á Íslandi og vera í fríi í tvo mánuði, eða vinna tvo mánuði í Svíþjóð og vera í fríi í tíu mánuði. Launin komi eiginlega út á það sama. „Því miður átta ráðamenn sig ekki alveg á því í hvað stefnir,“ segir Eyjólfur. Elsa er sömu skoðunar. „Stjórnvöld ættu að hafa áhyggjur ef þau hafa metnað í að halda í fólk og halda hér uppi samilegu heilbrigðiskerfi.“ - þeb



**ÖRUGGT GRIP** Sólin lét loksins sjá sig í gær og nutu landsmenn veðurlíðu víðast hvar. Elísabet Elva Arnarsdóttir sýndi tilþrif á Klambartúni þegar hún greip svífisk af miklu öryggi. Veðrið næstu daga verður ekki eins skaplegt því búast má við vætu og kólnandi veðri þegar líður á vikuna. **Sjá síðu 2** FRÉTTABLAÐIÐ/WILHELM

## Moskítóflugur renna á lyktina: Táfýlan trekkir að blóðsugur

**HOLLAND** Moskítóflugur nota lyktarskynið til að finna vænleg fórnarlömb. Ný rannsókn sýnir að blóðsugurnar renna á lyktina af fótum fólks á síðustu metrunum. Hollenskir vísindamenn rannsökuðu hegðun afrískra moskítóflugna, sem borið geta malaríu og aðra sjúkdóma á milli fólks. Flugurnar geta fundið lykt af andardrætti fólks í tuga metra fjarlægð og nota lyktarskynið til að komast nær bráðinni. Þegar flugurnar koma nær finna þær lykt af samansafni baktería sem fyrirfinnst á fótum fólks, og breyta um stefnu. Þetta skýrir að einhverju leyti hvers vegna flugurnar bíta gjarnan fætur eða fótleggi, segir vísindamennirnir. Hvernig þetta nýtist í baráttunni við óværuna á enn eftir að koma í ljós. - bj



**MOSKÍTÓFLUGA**

Þú leggur línurnar **létt&laggott**

## Vinir Sjonna leggja lokahönd á atriðið sem flutt verður í Düsseldorf annað kvöld: Hlæja mikið og njóta ferðarinnar

**EUROVISION** Dagskráin hjá íslenska Eurovision-hópnum hefur verið þéttskipuð síðustu daga enda styttist óðum í að Vinir Sjonna stígi á svið í Düsseldorf. Fyrri forkeppnin fer fram annað kvöld og þá verður íslenska framlagið á dagskrá. „Við hlæjum mikið og njótum þess til hins ítrasta að vera hérna en auðvitað koma svona augnablik þegar við förum að gráta og hugsum til þess að Sjonni fær ekki að upplifa þetta með okkur,“ segir Þórunn Erna Clausen, ekkja Sjonna Brink, sem vinnur með sönghópnum ytra. Þórunn Erna vill þó undirstrika



**ÚTI Í DÜSSELDORF** Vinir Sjonna á góðri stundu úti í Þýskalandi þar sem þeir vinna að því hörðum höndum að afla framlagi Íslands fylgi.

að stemningin sé góð enda allir í hópnum gamlir vinir Sjonna og deili því bæði gleði og sorg. „Þetta er mjög mikil vinna og við erum að frá morgni til kvölds. Sífelldu að vekja athygli á strákunum,“ segir Þórunn Erna. Hún segir hópinn ekki hafa sett sér annað markmið en að bera út boðskap lagsins og koma tónlist Sjonna á framfæri. Málið sé að njóta dagsins. Þórunn Erna verður umvafin vinum og vandamönnum á forkeppninni annað kvöld. Margir ættingjar Sjonna heitins sækja keppnina og auk vina sem voru væntanlegir í gær. - áþ / sjá síðu 32

**SUMARTILBOÐ**  
Verð 45.000.kr (69.800)

**10" Android 2.2.**

Erum á móti Ikea í gallery Art2b

**2b.is** 0939303

Kaupstún 3 - Garðabær - 5.5 800 800 - www.2b.is





Hreimur, voruð þið svona Makedónalegir?

„Nei, við vorum þarna í mestu makindum, alveg makalausir.“

Hreimur Örn Heimisson og félagar hans í Vinum Sjonna slógu í gegn í partí hjá Makedóníumönnum í Düsseldorf.

Liggur á gjörgæsludeild:

## Kona höfuðkúpubrotnaði

**LÖGREGLAN** Kona höfuðkúpubrotnaði þegar hún féll niður tröppur húss í Biskupstungum aðfaranótt sunnudags. Konan var flutt til Reykjavíkur og liggur á gjörgæsludeild Landspítalans. Engin vitni voru að slysinu.

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti slasaðan mann að Skjaldbreið á laugardagskvöld. Maðurinn hafði ekið vélsleða fram af hengju. Hann slasaðist ekki alvarlega.

- sm



**MÓTMÆLI** Svonefndar gálugöngur eru farnar víða til að vekja athygli á því vandamáli sem nauðganir eru.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gálugöngur haldnar víða:

## Vekja athygli á nauðgunum

**FÓLK** Fólk hefur að undanfögnu komið saman víða um Bandaríkinn og Kanada í svonefndum „gálugöngum“ til þess að mótmæla orðum sem kanadískur lögreglu- maður lét falla um fórnarlömb nauðgana. Lögreglu maðurinn ráðlagði konum að klæða sig ekki eins og gálur ef þær vilju forðast að lenda í klóm kynferðisbrota- manna.

Að sögn skipuleggjenda göngunnar er henni ætlað að vekja athygli á því vandamáli að fórnarlömb kynferðisbrot eru oft gerð ábyrgð í stað árásarmannsins.

- sm

Hækkun skattleysismarka í 150 þúsund myndi draga verulega úr tekjum ríkisins:

## Þýddi 25 milljarða tekjulækkun

**EFNAHAGSMÁL** Ríkið myndi verða af um 25 milljarða króna tekjum að lágmarki yrðu skattleysismörkin hækkuð úr 118 þúsundum króna á mánuði í 150 þúsund. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar.

Samdráttur í tekjum ríkisins yrði enn meiri yrðu skattleysismörkin hækkuð í 200 þúsund krónur, eða á sjöunda tug milljarða, samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins.

Í fyrirspurn Ólínu er einnig óskað eftir mati á því hversu



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR** Ólína vill vita hvaða tekjur fylgdu fleiri skattþrepum. miklar tekjur ríkissjóður hefði af því að bæta við skattþrepum.

Í svari ráðherrans kemur fram að tekjur ríkisins myndu aukast um 1,2 milljarða króna yrði 55 prósent

skattur lagður á mánaðartekjur yfir 1,2 milljónum króna og 65 prósent á tekjur yfir tveimur milljónum.

Þar segir enn fremur að tekjur ríkisins gætu aukist um 650 milljónir króna yrði 55 prósent skattur lagður á tekjur yfir tveimur milljónum króna og 70 prósent skattur á tekjur yfir þremur milljónum króna.

Í svarinu kemur fram að á síðasta ári hafi 654 einstaklingar verið með mánaðartekjur yfir 1,2 milljónum króna á mánuði. Þar af höfðu 126 tekjur yfir tveimur milljónum króna.

- bj

Lánafyrirtæki sameinast:

## SP og Avant til Landsbankans

**VÍBSKIPTI** SP fjármögnun og þrotabú Avant munu sameinast Landsbankanum. Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir að gert sé ráð fyrir að sameininginni ljúki á haustmánuðum. Starfsfólki var tilkynnt um sameininguna á föstudag. Enginn mun missa vinnuna að sögn Kristjáns.

Landsbankinn á fyrirtækin, svo ekki er um yfirtöku að ræða heldur verið að færa reksturinn undir Landsbankann. Fyrirtækin veittu aðallega lán til bílakaupa.

- bj

Kærði tvo fyrir nauðgun:

## Flúði heimilið vegna hótana

**LÖGREGLUMÁL** Kona sem kært hefur tvo menn fyrir nauðgun hefur flúði heimili sitt í kjölfar hótana í garð hennar og annarra fjölskyldumeðlima. Hótanirnar koma í kjölfar þess að maður var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald á á grundvelli almannahagsmuna.

Í fréttatíma RÚV í gær kom fram að maðurinn sem nú situr í varðhaldi væri meðlimur í glæpa- genginu Semper Fi. Konan telur sig hafa ríka ástæðu til að óttast að félagar mannsins vinni henni eða fólk nákomnu henni mein þó að maðurinn sitji í varðhaldi.

Nýr félagskapur stofnaður:

## Vinna með ADHD í skóla

**HEILBRIGÐISMÁL** Lifðu Lífinu heitir nýtt félag sem hefur að markmiði að vinna með fólk sem hefur greinst ofvirkni og athyglisbrest, ADHD.

Félagið gerði á föstudag samkomulag við Norðlingaskóla sem felur í sér að haldin verða námskeið um hvernig laga megi vinnu- umhverfið í bekkjum þar sem er að finna börn og unglinga með ADHD. Lifðu lífinu verður með opið hús að Suðurlandsbraut 6 á morgun. Þar mun félagið kynna starfsemi sína frekar.

- sm



**SIGLT Í SÓLINNI** Þessir frísku ræðarar nutu sín á Elliðavatni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sólin lék við landann

Landsmenn fögnuðu fyrstu sumarhelginni í sól og hita um allt land. Útlit er þó fyrir kólnandi veður eftir því sem líður á vikuna, jafnvel slyddu norðanlands.

**VEÐUR** Sumarið hóf innreið sína af alvöru um helgina þar sem sól og hiti lék við fólk víðast hvar um landið.

Hitinn náði mest rúmum átján gráðum, á Þingvöllum og í Skaftafelli, en því miður gera veðurfræðingar ráð fyrir kólnandi veðri í lok vikunnar.

Í nótt var gert ráð fyrir skurum og rigningu um allt land í dag, að sögn Einar Magnúss Einarssonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands.

Einar væntir umskipta á miðvikudag þegar snýst í norðurátt.

„Það verður býsna svalt, og hitinn fer allt niður að frostmarki á föstudag og laugardag. Þá gæti jafnvel orðið slydda fyrir norðan.“

- þj



**MEÐ PRJÁ TIL REIÐAR** Hestamenn og -konur tóku veðrinu fagnandi eins og aðrir landsmenn.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Kisa komst hvergi

Slökkviliðsmenn sóttu kött upp á þak húss í miðborginni á laugardagskvöld. Þá var kveikt í bekk í Elliðaárdalnum og var slökkviliðið kvatt á vettvang til þess að slökkva eldinn.

#### Bílfelta á Þingvallavegi

Einn slasaðist lítilsháttar þegar bíll valt á Þingvallavegi um kaffileytið á laugardag. Sjúkralið var sent á vettvang til þess að hlúa að hinum slasaða.

Hörð átök brutust út milli múslima og kristinna í Kaíró í Egyptalandi:

## Mannskæð átök eftir kirkjubruna

**KAÍRÓ, AP** Tólf létust og rúmlega 200 eru sárir eftir átök milli hópa múslima og kopta, kristinna Egypta, í miðborg Kaíró í gær.

Mörg hundruð manna tókust á við bakka Nílar í kjölfar þess að hópur múslima bar eld að kirkju kopta og íbúðarhúsi í eigu kristinna.

Koptar eru um það bil tíu prósent egyptsku þjóðarinnar, en fréttir herma að ofríðinn að þessu sinni megi rekja til orðröms um að koptar hafi ránt kristinni konu sem hafi gifst múslima og ætlað að snúast til íslam.

Deilur milli trúarhópa í landinu hafa magnast undanfarið og virðist sem samstaðan sem einkenndi upprisuna gegn Hosni Mubarak í febrúar sé að fjara út. Egyptski herinn vísaði fólk frá átakasvæðinu en greip ekki inn í.

Múslimaklerkar fordæmdu



**HÖRD ÁTÖK** Strangtrúuðum múslimum og kristnum Egyptum laust saman í gær eftir að aðför var gerð að kirkju í Kaíró.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ofbeldið og vörðu við vaxandi spennu í landinu. „Þessir atburðir þjóna aðrarinnar að kirkjunni í múslima né kristinna,“ sagði Ahmed Al Tayeeb, bænakerkur al-Azhar

moskunnar, í samtali við fjölmiðla. 190 manns voru handteknir í kjölfar aðfararinnar að kirkjunni og munu verða saksóttir fyrir her- dómstólum.

- þj

**NÝTT**  
Lífraen barnamjólk  
Við ❤️ lífrænt

hipp.is fyrir 12 mánaða og eldri



# Láttu Nova græja upp farsímamann þinn!

**Netið í símann!**  
Fylgir í áskrift 150 MB/mán.  
20 kr. í frelsi 5 MB/dag



**3.490 kr.**  
á mánuði í 12 mánuði

**LG Optimus One**

**2.000 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!**

Staðgreitt: 39.990 kr.

**2.690 kr.**  
á mánuði í 12 mánuði

**LG Optimus Me**

**1.000 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!**

Staðgreitt: 29.990 kr.



## Ný sóknarfæri!

**Sr. Guðrún Karlsdóttir** prestur notfærir sér nútíma samskipti með framsæknum hætti til að ná til fólksins. Með **Facebook** í farsímanum getur hún verið í beinum tengslum við sóknarbörn sín, ekki síst af yngri kynslóðinni.



## Farsími og fuglatíst!

**Guðmundur Benediktsson**, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu og núverandi íþróttafréttamaður, er með **Twitter** í farsímanum sínum. Fylgstu með Gumma Ben á Twitter og fáðu allt slúðrið úr enska og íslenska boltanum beint í símann þinn.



## Hvað heitir lagið?

**Sigurður Guðmundsson** tónlistarmaður er með **Shazam** í farsímanum. Shazam getur sagt þér hvað lagið heitir sem þú ert að hlusta á. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag.



## Vasaþjálfarinn!

**Sara Björk**, landsliðskona í fótbolta, notar **RunKeeper** í farsímanum. RunKeeper er frábært íþróttarrit sem heldur utan um þjálfunina og árangurinn. Runkeeper birtir upplýsingar um leiðina á götukorti, lengd í km, hraða og brennslu.



**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

**NOVA**



## GENGIÐ 06.05.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,71	113,25
Sterlingspund	184,98	185,88
Evra	163,72	164,64
Dönsk króna	21,952	22,080
Norsk króna	20,584	20,706
Svænsk króna	18,155	18,261
Japanskt jen	1,4032	1,4114

SDR 181,09 182,17

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,999

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**DREKKUR ÚR PELA** Drekki börn úr pela til tveggja ára aldurs gætu þau orðið of feit fyrir fimm ára aldurinn.

Pelabörn þyngjast um of:

## Venja á börn af pela fyrir 1 árs

**HEILBRIGÐISMÁL** Börn sem drekka úr pela til tveggja ára aldurs og lengur eru í meiri hættu á að eiga við offitu að stríða áður en skólaaldri er náð.

Þetta eru niðurstöður bandarískrar könnunar sem náði til sjö þúsund barna. Ástæðan er sú að börnin innbyrða fleiri kaloríur en þau þurfa úr pela. Foreldrar nota pelann ekki bara við þorsta heldur einnig til að róa börnin.

Sérfræðingarnir sem unnu að könnuninni mæla með því að foreldrar kenni börnum að nota stútkönnu eða glas frá sex mánaða aldri og hætti alfarið að gefa pela fyrir eins árs aldur.

## Bretar fagna ekki Evrópu-Enginn Evrópu-fáni á númer 10

**STJÓRN MÁL** Fáni Evrópusambandsins verður ekki dreginn að hún við breska forsætisráðherrabústaðinn að Downing-stræti 10 í tilefni Evrópudagsins sem haldinn er hátíðlegur í dag.

Hvorki verður heldur flaggað við breska fjármálaráðuneytið né utanríkisráðuneytið. Málið vekur athygli því við Downing-stræti var fáni Evrópusambandsins dreginn að hún í tilefni dagsins í fyrra. Embættismenn neita því að fánaleytið sé að ósk forsætisráðherrans David Cameron.

Óþekktir árásmenn gerðu aðför að heimili innanríkisráðherra um helgina:

# Rúður brotnuðu í skæðadrífu grjóts

**LÖGREGLUMÁL** Engan sakaði þegar grjóti var kastað að heimili Ögmundar Jónssonar innanríkisráðherra á aðfararnótt laugardags.

Á fjórða tímanum um nóttina gekk skæðadrífa af grjóti yfir húsið og brotnuðu við það tvær rúður í húsinu og dreifðust glerbrot um allt.

Málið er á forræði Ríkislög-reglustjóra, en ekki var vitað til þess að nokkur hefði verið handtekinn vegna málsins þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi. Þó hefur eftirlit með heimili

Ögmundar verið hert til muna.

Ögmundur vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið, en í viðtali í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun sagði hann að málinu hefði lokið blessunarlega og allir væru við góða heilsu.

Í frétt Stöðvar 2 í gær sagðist hann ekki vita til þess að tengsl væru á milli þessa atviks og einhvers þeirra umdeildu mála sem hefðu verið á hans borði að undanförunu. Má þar nefna mál tengt vélhólaklíkum og flóttamönnum hér á landi.



ÁRÁS Á HEIMILI RÁÐHERRA Tvær rúður voru brotnar á heimili innanríkisráðherra aðfararnótt laugardags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Harmleikur í Danmörku:

## Þrír létust í bílslysi á Jótlandi

**DANMÖRK** Þrír menn létust í bílslysi á þjóðvegi austan við bæinn Bjerringbro á Jótlandi í fyrri-nótt. Þeir voru á aldrinum 19 til 26 ára.

Ökumaðurinn missti stjórn á bílnum í aflíðandi beygju og valt hann margsinns. Eldur kom svo upp í flakinu. Danskir vefmiðlar segja mörg slys hafa orðið í þessari beygju síðustu ár, án þess þó að til mannskaða hafi komið.

19 ára piltur komst lífs af úr slysinu og hringdi á hjálp. Hann var ekki alvarlega meiddur.

# Aukin samkeppni um lánin

Arion banki kynnti ný íbúðalán fyrir helgi sem eru með lægri vöxtum en lán íbúðalánasjóðs. Bestu kjörin ná þó aðeins yfir lán fyrir sextíu prósentum af kaupverði. Óvíst er hvort aðrir bankar fylgja í kjölfarið.

### FRÉTTASKÝRING

Hvers konar húsnæðislán standa íslenskum fasteignakaupendum til boða?

Arion banki kynnti fyrir helgi ný íbúðalán með föstum vöxtum úr samningstímann og vexti sem eru sambærilegir við vexti íbúðalánasjóðs að einhverju leyti. Þetta virðist merki um að bankarnir ætli sér að sækja áfram á íbúðalánamarkaði þrátt fyrir skakkaföll undanfarinna ára.

Þetta þýðir þó ekki endurhvarf til þess tíma þegar í boði voru lán fyrir öllu markaðsvirði íbúðarhúsnæðis, eins og bankarnir buðu fyrir bankahrúnið 2008. Raunar virðist Arion banki aðeins samkeppnishæfur við íbúðalánasjóð fyrir þá sem geta greitt talsvert hátt hlutfall af kaupverðinu.

Arion banki lánar allt að 60 prósent af veðhlutfalli fasteignarinnar með 4,3 prósentu föstum vöxtum til 25 eða 40 ára. Þetta eru örllítið lægri vextir en bjóðast hjá íbúðalánasjóði, þar sem vextirnir eru nú 4,4 prósent. Á það ber þó að líta að íbúðalánasjóður lánar allt að 80 prósent af markaðsvirði húsnæðisins.

Arion banki býður viðbótarlán umfram 60 prósentu lánið. Viðbótarlánið getur verið allt að 20 prósentustig til viðbótar, og því samtals lánad fyrir allt að 80 prósentum markaðsvirðis húsnæðisins. Viðbótarlánið er aðeins til 25 ára og ber 5,4 prósentu fasta vexti. Á vef bankans er þó tekið fram að til að fá lánin verði fólk að standast greiðslumat.

Talsvert flókið er að bera saman þá lánakosti sem húsnæðisakaupendum standa til boða hjá bönkunum almennt.

Íslandsbanki býður upp á fjóra lánaflokka. Boðið er upp á óverðtryggt lán með breytilegum vöxt-



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Samanburður á lánakjörum á húsnæðislanum

	Arion banki		Íslandsbanki				Viðbótarlán vegna 1. íbúðar
	I	Viðbótarlán	I	II	III	IV	
Lánshlutfall	60%	Frá 60% að 80%	70%	70%	70%	70%	10% viðbót
Lánstími	25, 40 ár	25 ár	15, 25, 40 ár	15, 25, 40 ár	25, 40 ár	25, 40 ár	Allt 15 ár
Vextir	4,3% <sup>1</sup>	5,4% <sup>1</sup>	5,25% <sup>2</sup>	9,1% <sup>3</sup>	5,6% <sup>4</sup>	6,5% <sup>1</sup>	5,25% <sup>2</sup>
Verðtryggt	Já	Já	Nei	Nei	Já	Já	Nei
Lántökugjald	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%
Uppgreiðslugjald	Já	Nei	Nei	Já	Nei	Já	Nei

	Landsbankinn		Íbúðalánasjóður	
	I	II	I	II
Lánshlutfall	70%	70%	80%	80%
Lánstími	5 til 40 ár	Allt að 40 ár	20, 30, 40 ár	20, 30, 40 ár
Vextir	4,8% <sup>2</sup>	5,55% <sup>2</sup>	4,4% <sup>1</sup>	4,9% <sup>1</sup>
Verðtryggt	Já	Nei	Já	Já
Lántökugjald	1%	1%	1%	1%
Uppgreiðslugjald	Nei	Nei	Já	Nei

<sup>1</sup> Fastir vextir <sup>2</sup> Breytilegir vextir <sup>3</sup> Fastir vextir í 3 ár <sup>4</sup> Fastir vextir til 5 ára

Heimild: Vefsíður bankanna og íbúðalánasjóðs

um, óverðtryggt lán með föstum vöxtum í þrjú ár, verðtryggt lán með vaxtaendurskoðun og verðtryggt lán án vaxtaendurskoðunar. Bankinn lánar að hámarki 70 prósent, en þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð bjóðst 10 prósentustiga viðbótarlán, og fá því allt að 80 prósentu lán hjá bankanum.

Hjá Landsbankanum eru tveir kostir í boði, verðtryggt og óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum. Bankinn lánar að hámarki 70 prósent af markaðsverði íbúðar.

Tilkynning Arion banka um hagstæðari lán til íbúðarakaupa hefur ekki enn sem komið er hleypst af stað svipaðri skriðu og varð þegar

bankarnir komu fyrst inn á íbúðalánamarkaðinn. Ný íbúðalán bankans gefa þó tilefni til að ætla að yfirmenn þar telji eftir einhverju að slægjast á þessum markaði. Koma verður í ljós hvort hinir bankarnir breyta þeim lánunum sem þeir bjóða upp á í framhaldinu.

brjann@frettabladid.is



**HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND**

## Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna


SUDURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS



APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Ópið mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

## VEÐURSPÁ




**Snjólaug Ólafsdóttir**  
veðurfréttamaður

**VÍÐA HLÝTT** Í dag hlýnar á norðan\_ verðu landinu og helst hlýtt þar fram á miðvikudag. Þá snýst í norðlægar áttir og kólnar aftur. Minni hitabreytingar á S-landi. Einhverjar skúrur um mest allt land í dag og á morgun.

**Á MORGUN** Fremur hægur vindur, hvassara við SA-ströndina.

**MÍÐVIKUDAGUR** Fremur hægur vindur.



### HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	22°
Berlín	23°
Billund	19°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	20°
London	19°
Mallorca	22°
New York	22°
Orlando	34°
Ósló	19°
París	25°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



Nýtt happdrættisár byrjar í maí

HAPPDRÆTTI



Vinningur í hverri viku

# Viltu einfaldan eða tvöfaldan?

Þú getur unnið Toyota Avensis

6 Toyota Avensis á 5 milljónir króna hver á einfaldan miða

Miðaverð

1.100 kr. pr. mán



dregið vikulega!

52 útdrættir á árinu!

DRÖGUM NÆSTA  
ÞRIÐJUDAG

Þú getur unnið Toyota Land Cruiser 150

6 Toyota Land Cruiser á 10 milljónir króna hver á tvöfaldan miða

Miðaverð

2.200 kr. pr. mán



## Eða allt í peningum

6 aðalvinningar á 10 milljónir hver,  
10 aðalvinningar á 6 milljónir og  
36 aðalvinningar á 4 milljónir hver.

845 milljónir dregnar út á árinu | Kaupu miða á [www.das.is](http://www.das.is)

VISA



Aðalumboð | Tjarnargata 10 | 561 7757



ÍSLENSKA SÁK DAS 48300 PHOTO



## KJÖRKASSINN



Á Líú að fá að koma að laga-  
setningu um framtíðarskipulag  
fiskveiðistjórnunarkerfisins?

Já 24,9%  
Nei 75,1%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú sátt(ur) við nýgerða  
kjarasamninga?

Segðu þína skoðun á visir.is



6

Forsetinn hefur ekki sett sér siðareglur að tillögu rannsóknarnefndar Alþingis:

## Skiptast á harðorðum bréfum

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðuneytið hefur ítrekað þrýst á Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að setja embættinu siðareglur eins og lagt er til í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Forsetinn hefur ekki orðið við beiðninni. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Forsætisráðuneytið sendi forsetanum í þrjúgang bréf í júní og júlí í fyrra, þar sem hann var hvattur til fylgja tillögum skýrslunnar.

Í frétt Stöðvar 2 kom jafnframt fram að af bréfasamskiptum emb-



**EKKI SAMMÁLA** Forsætisráðuneytið þrýstir á forsetann að setja sér siðareglur, sem honum virðist þykja óþarfar.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ættanna tveggja mætti skilja að forsetanum myndist forsætisráðuneytið sýna af sér óþarfa afskiptasemi. Fréttastofa Stöðvar 2 hefur undir höndum öll bréf ráðuneytisins til forsetans.

Í einu bréfa ráðuneytisins til forsetans segir meðal annars: „Bréfið fól í sér beiðni um tiltekna upplýsingar en í því voru hvorki tilskipanir né „rakalaus tilraun til íhlutunar í samskipti forsetaembættisins og Alþingis“ eins og þér haldið fram í bréfi yðar og er ástæða til að mótmæla þessari framsetningu af yðar hálfu.“ - rat

## Fjölskylduhjálpin fær gjöf: 66°Norður gefa börnum peysur

**LÍKNARMÁL** Fataframleiðandinn 66°Norður færði Fjölskylduhjálpi Íslands á dögunum barnaflíspeysur að andvirði 2,8 milljónir króna. Flíspeysunum verður úthlutað til þeirra fjölskyldna sem á þurfa að halda.

Það er von fyrirtækisins að gjöfin komi að góðum notum. Fyrirtækið hefur reglulega gefið Fjölskylduhjálpinni fatnað auk þess sem Starfsmannafélag Sjóklæðagerðarinnar 66°Norður hefur veitt samtökunum fjárstuðning. - sm

Breytt lögregluumdæmi:

## Hætta vegna lengri boðleiða

**HVOLSVÖLLUR** Breytingar á lög-  
reglustjóraembættum samkvæmt  
nýju frumvarpi mæta mikilli and-  
stöðu hjá sveitarstjórn Rangár-  
þings eystra.

„Í umdæmi lögreglustjórans á Hvolsvelli eru uppi afar sérstakar aðstæður, en gríðarleg náttúruvá er fyrir hendi; bæði vegna jarðskjálfta sem og mikil eldvirkni eins og nýleg dæmi sanna,“ segir sveitarstjórnin, sem kveður mikla þekkingu hafa verið byggð upp hjá íbúum og starfsfólki embættis lögreglustjórans á Hvolsvelli.

„Með stækkun embættis lögreglustjóra lengjast boðleiðir og hætta er á að það mikla starf sem unnið hefur verið falli í glatkistu stórs embættis.“ - gar

## BAREIN

### Neyðarlögum aflétt

Neyðarlögum, sem sett voru í konungsríkinu Barein í mars til að bæla niður mótmæli gegn stíjandi stjórn, verður aflétt 1. júní. Konungur Barein fyrirskipaði þetta í kjölfar þess að helstu leiðtogar samsæris gegn konungsríkinu voru dregnir fyrir rétt í gær.

## LÖGREGLUFRETTIR

### Ók á barn og stakk af

Lögreglan á Akranesi lýsir eftir vitnum að umferðaróhappi sem varð á Garðgrund, á móts við verslunina Samkaup, klukkan 17 á laugardag en þá var fjórhjóli ekið á barn. Barnið slasaðist lítillega en ökumaður fjórhjólsins lét sig hverfa af vettvangi án þess að huga að barninu eða gera lögreglu viðvart. Þeir sem geta veitt upplýsingar um slysið eru beðnir að hafa samband við lögregluna.

# Mun fleiri karlmenn hafa orðið gjaldþrota

Karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra sem verða gjaldþrota. Ríflega þrír af hverjum fjórum sem fara í þrot eru karlmenn. Bendir til áhættusækni segir umboðsmaður skuldara. Færri verða gjaldþrota nú en í byrjun síðasta áratugar.

**FÉLAGSMÁL** Mikill meirihluti þeirra einstaklinga sem verða gjaldþrota er karlmenn, samkvæmt nýjum tölum sem dómstólaráð tók saman fyrir Umboðsmann skuldara.

Ríflega þrír af hverjum fjórum sem urðu gjaldþrota á síðasta ári eru karlmenn. Hlutfallið er svipað þegar meðaltal síðustu ellefu ára er skoðað.

„Þótt maður vilji ekki vera með alhæfingar eru karlmenn áhættusækari en konur,“ segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara. Hún segir frekari upplýsingar um ástæðu þessa skorta, en það sé verðugt rannsóknarefni.


Í samantekt dómsmálaráðs kemur fram að fjöldi gjaldþrota einstaklinga hefur á síðustu tveimur árum verið svipaður og á árunum 2006 og 2007. Alls voru 139 úrskurðaðir gjaldþrota á síðasta ári, og 112 árið áður. Það eru talsvert færri en á fyrri hluta síðasta áratugar. Árið 2000 voru 478 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota, 298 ári síðar og 367 árið 2002.

Fækkun gjaldþrotaúrskurða einstaklinga bendir til þess að úrræði stjórnvalda séu farin að hafa áhrif, eða í það minnsta að fólk sé í biðstöðu og sé ekki úrskurðað gjaldþrota á meðan.

Ásta segir að þetta bendi eindregið til þess að möguleikinn á því að fá greiðsluáðlögun virki. „Gríðarlega margir hafa sótt um það úrræði, sem vissulega forðar fólk frá gjaldþroti,“ segir Ásta.

Fólk sem óskar eftir greiðsluáðlögun kemst í skjól frá kröfuhöfum og fer ekki í gjaldþrot.

### Fjöldi gjaldþrotaúrskurða



Þótt maður vilji ekki vera með alhæfingar eru karlmenn áhættusækari en konur.

ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR  
UMBODSMADUR SKULDARA

Þetta leiðir mögulega til þess að kröfuhafar óska ekki eftir gjaldþrotaskiptum til að byrja með, segir Ásta.

Stefán Ólafsson, félagsfræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir stjórnvöld hafa grip-

il til ýmissa aðgerða. „Hvergi í Evrópu er meira gert fyrir húsnæðiseigendur í skuldavanda,“ segir Stefán.

Athygli vekur að karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra sem verða gjaldþrota. Dómstólar úrskurða um gjaldþrot einstaklinga. Nærri helmingur gjaldþrotaúrskurða á þúum einstaklinga frá árinu 2000 er frá Héraðsdómi Reykjavíkur, um 44 prósent. Ríflega fjórðungur er frá Héraðsdómi Reykjaness, samtals um 27 prósent. Mun færri úrskurðir koma frá öðrum dómstólum. brjann@frettabladid.is

### MYNSTRUN ehf

WWW.MYNSTRUN.COM

Við sérhæfum okkur í vinnu við skrautsteypu, sem er falleg, endingargóð og hagkvæm lausn fyrir sólpalla, innkeyrslur og gangstéttir. Skrautsteypa kemur í fjölmörgum litum og mögulegt er að leggja margskonar mynstur á hana.

Komum á staðinn og gerum verðtilboð ef óskað er.



Sími: 898 7436  
mynstrun@internet.is  
www.mynstrun.com

## Hef flutt læknastofu mína úr húsi Lífssteins yfir í Domus Medica.



Tímantannir í síma 563 1046 og 563 1060.

Ágúst Birgisson lýtalæknir.

www.ablaeknir.is

Bandarísk stjórnvöld þrýsta á yfirvöld í Pakistan í kjölfar dráps Osama bin Laden:

## Vilja yfirheyra ekkjur bin Laden

**PAKISTAN, AP** Bandarísk stjórnvöld krefjast þess af pakistönskum yfirvöldum að fá að yfirheyra þrjár ekkjur Osama bin Laden og fá aðgang að öllum gögnum sem fundust í húsi bin Laden.

Bandarískir sersveitarmenn sem vögu bin Laden síðastliðinn mánudag tóku með sér talsvert magn af gögnum eftir að þeir skutu bin Laden til bana í húsi hans í Pakistan. Þeir skildu þó ekkjur hans og eitt hvað af gögnum eftir.

Upplýsingar frá ekkjunum þremur gætu leitt í ljós hvort einhverjir innan pakistönsku stjórnarinnar, eða stjórnsýslunnar, vissu af bin Laden í landinu. Því hafa pakistönsk stjórnvöld neitað. Þá gætu konurnar þrjár varpað ljósi á líf bin Laden frá innrás Bandaríkjanna í Afganistan árið 2001.

Árás bandarísku hermanna á hús bin Laden sýnir berlega van-

traust bandarískra stjórnvalda á pakistönskum stjórnvöldum, og ekki síður ISI, pakistönsku leyniþjónustunni. Pakistönsk stjórnvöld vissu ekki af árásinni á hús bin Laden fyrr en hún var afstaðin, og mótmæltu í kjölfarið harðlega hernaðaraðgerð Bandaríkjanna innan sinna landamæra.

Ekkjur bin Laden gætu nú orðið að vopni í höndum pakistanskra stjórnvalda. Bandarísk stjórnvöld vilja yfirheyra þær, og það gætu pakistönsk stjórnvöld notað sér til að létta af sér ákveðinni pressu í samskiptunum við Bandaríkin, sem styrkja Pakistan með háum upphæðum á hverju ári. - bj

**VÖRÐUR** Pakistanskur hermaður stendur vörð um húsið þar sem bandarískir sersveitarmenn skutu Osama bin Laden síðastliðinn mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







„Að geta ferðast til framandi landa til að upplifa eitthvað alveg nýtt.“



**Ný íbúðalán**

**Hvað skiptir þig máli?**

Það skiptir máli að geta fengið íbúðalán á góðum kjörum. Þess vegna bjóðum við hjá Arion banka viðskiptavinum okkar ný íbúðalán.

Um er að ræða verðtryggð íbúðalán með föstum 4,3% vöxtum í 25 eða 40 ár.

Komdu við í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi á [arionbanki.is](http://arionbanki.is).



„Að bankinn minn vinni með mér að markmiðum mínum.“

„Það skiptir máli að hafa aðgang að íbúðalánum á hagstæðum kjörum.“

Sigríður Dögg Arnardóttir  
28 ára



„Að heimilið mitt endurspegli það hver ég er.“



4,3%

„Að geta boðið vinum mínum í eftirminnileg matarboð.“





## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða tískuhús lætur mynda vetrartískuna hér á landi þessa dagana?

2 Hvað heitir ný blúsplata Andreu Gylfadóttur og Blúsmanna?

3 Hvað tekur Eldborg, stærsti salur Hörpu, marga í sæti?

SVÖR

1. Hernes 2. Rahn on me rain 3. 1.800

Kvinnadeildin endurbætt:

## Framkvæmdir hefjast brátt

**SAMFÉLAGSMÁL** Framkvæmdir við endurbætur á húsakynnum Kvinnadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss hefjast á næstu vikum. Landssöfnun Lífs, styrktarfélag kvinnadeildarinnar, þar sem söfnuðust rúmar 62 milljónir, gera framkvæmdir þessar mögulegar.

Í fyrsta áfanga verður ráðist í gagngerar endurbætur á meðgöngu- og sængurkvinnadeild.

Rannveig Rúnarsdóttir yfirljósmóðir segir í tilkynningu að með þessu sé tekið mjög mikilvægt skref. „Það er framar björtustu vonum að þetta verði að veruleika í haust“.

- Þj

## FÉLAGSMÁL

## Nýr formaður Ljósmeðra

Esther Ósk Ármannsdóttir, ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur, var kjörin formaður Ljósmeðrafélags Íslands á 92. aðalfundi félagsins hinn 7. maí.

## DÓMSMÁL

## Þóttist vera breskur

Nigerískur maður hefur verið dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir að framvísa röngu vegabréfi við komuna til landsins. Maðurinn kom frá Osló í síðustu viku og framvísaði bresku vegabréfi. Maðurinn játaði brot sitt greiðlega.

Nýstofnuð Samtök skapandi greina mynda breiðfylkingu fagfólks hér á landi:

## Tryggja þátt greinanna í hagkerfinu

**ATVINNULÍF** Samtök skapandi greina (SSG) hafa verið stofnuð. Að samtökunum standa allar kynningarmiðstöðvar lista og skapandi greina á Íslandi og samtök í hverri grein. Þau samtök mynda breiðustu fylkingu fagfólks í skapandi greinum í landinu.

SSG munu vinna að sameiginlegri stefnumótun greinanna, í samstarfi við opinbera aðila og íslenskt atvinnulíf. Heildar-markmið SSG er að þáttur skapandi greina í hagkerfi landsins sé tryggður.

SSG taka við hlutverki Samráðs-

## Stofnfélagar SSG

- Samtönn (ÚTÓN og Íslensk tónverkamiðstöð)
- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Leiklistarsamband Íslands
- Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM)
- Bókmenntasjóður
- Hönnunarmiðstöð Íslands
- Icelandic Gaming Industry

vettvangs skapandi greina. Átti sá vettvangur frumkvæði að því að

rannsókn um hagræn áhrif skapandi greina var hrundið af stað.

„SSG munu stuðla að áframhaldandi rannsóknum á greinum, tryggja að þær njóti hagstæðra vaxtarskilyrða og að þau sóknarfæri sem liggja í skapandi greinum séu nýtt í þágu hagvaxtar og lífsgæða,“ segir í tilkynningunni.

Tölulegar niðurstöður rannsókna, sem kynnt var fyrst í desember síðastliðnum, sýndi fram á að heildarútlutningur afurða skapandi greina er helmingi meiri heldur en íslenskra landbúnaðarafurða, eða um þrjú prósent. -sv

Bátur strandaði við Ítalíu:

## 400 flóttamenn í mikilli hættu

**ÍTALÍA** Um 400 flóttamönnum frá Líbíu var bjargað við ítölsku eyjuna Lampedusa í fyrrinótt. Bátur fólksins strandaði á skeri og reyndu margir flóttamanna að komast til lands með því að stökkva úr bátum. Sterkir vindar voru og mikill öldugangur, sem varð til þess að sumt fólk féll um borð.

Nokkrum tókst þó að halda sér í kaðla sem bundnir voru í bátinn þar til björgunarsveitir komu á vettvang. Björgunarsveitir gekk vel og komust allir lífs af. -sm

## Aukin hættu af kvikasilfri

Búast má við fjórðungsaukningu á kvikasilfursmengun næsta áratuginn verði ekkert að gert. Hvítabirnir, selir og hvalir á norðurslóðum eru í mestri hættu, ásamt frumbyggjum sem veiða þessi dýr til sér til matar.

**DANMÖRK, AP** Búast má við að kvikasilfursmengun aukist um 25 prósent til ársins 2020, ef ekkert verður að gert. Hvítabirnir, hvalir og selir á norðurslóðum eru í hvað mestri hættu vegna þessa. Meðal annars er vitað að of mikið kvikasilfur getur raskað efnajafnvægi í heila hvítabjarna, sem hefur áhrif á alla hegðun dýrana.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu starfshóps Norðurskautsráðsins um vöktun og greiningu á norðurslóðum.

Starfshópurinn hélt á dögum ráðstefnu í Danmörku þar sem saman komu um 400 vísindamenn til þess að spá í þróun mála, meðal annars með hliðsjón af hlýnun jarðar og mengun í náttúrunni.

„Sérstakar áhyggjur vekur að kvikasilfursmagn heldur áfram að aukast í sumum dýrategundum á stórum svæðum á norðurslóðum,“ segir jafnframt í skýrslu starfshópsins.

Þá kemur fram að hlýnun jarðar geti gert kvikasilfursmengun í hafi á norðurslóðum alvarlegri en ella. Þegar sífreri fer úr jörðu leysist úr læðingi kvikasilfur sem hefur verið fast í freranum í þúsundir ára. Einnig getur hlýnun jarðar ýtt undir efnafæri sem gera efnin hættulegri en annars væri.

Áhrifin eru þó misjöfn eftir



Á NORÐURSLÓÐUM Hlýnun jarðar veldur því að kvikasilfursmengun verður hættulegri en ella.

NORDICPHOTOS/AFF

svæðum. Til dæmis eru hvítabirnir á austurströnd Grænlands í meiri hættu því bráðnun íss auðveldar þeim að komast í sel, sem er með mikið magn af kvikasilfri í líkamanum. Á Svalbarða getur bráðnun íss hins vegar orðið til þess að birnirnir komist ekki frá landi og verði því að láta sér nægja kvikasilfurssnaudari jurttir og dýr þar á eyjunum.

Kvikasilfur finnst í nærri öllum

tegundum fisks og skelfisks og getur valdið skaða á taugakerfi fóstra og ungra barna. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, WHO, eru andlegir erfiðleikar algengari meðal barna á þeim svæðum heimsins, þar sem fiskur er meginuppistaða fæðunnar.

Samkvæmt annarri skýrslu, sem kynnt var á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn fyrr í vikunni, má búast við því að bráðnun íss á

norðurslóðum geti orðið til þess að yfirborð sjávar hækki um 0,9 til 1,6 metra til næstu aldamóta, en það er mun meiri hækken en hingað til hefur verið spáð.

Báðar þessar skýrslur verða afhentar utanríkisráðherra Íslands, Bandaríkja, Rússlands, Kanada, Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands á fundi Norðurskautsráðsins í vikunni.

gudsteinn@frettabladid.is

## Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla

meðal félagsmanna um nýgerðan kjarasamning VR og SA hefst miðvikudaginn 11. maí kl. 9:00.

Nánari upplýsingar um samninginn og atkvæðagreiðsluna á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)

Kjörstjórn VR



BÖRN AÐ LEIK Barnaverndarnefndir geta vel við unað samkvæmt niðurstöðum rannsóknar á trausti almennings til þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Yngra fólk ber almennt meira traust til barnaverndar:

## 60% bera traust til barnaverndarnefnda

**FÉLAGSMÁL** Tæplega sextíu prósent landsmanna bera frekar mikið eða mjög mikið traust til barnaverndarnefnda. Þetta er niðurstaða rannsóknar á trausti almennings til barnaverndarnefnda, sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Anni G. Haugen, lektor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, skrifar grein um rannsóknina í nýjasta tölublaði Tímarits félagsráðgjafa. Þar kemur fram að 59 prósent beri mikið eða frekar mikið traust til barnaverndarnefnda, 23 prósent frekar lítið eða mjög lítið en 19 prósent segja hvorki bera lítið né mikið traust til þeirra. 977 svöruðu spurningunni.

Barnaverndarnefndir geta vel við unað, en Anni segir það verkefni sem aldrei ljúki að auka traustið. Mikilvægt sé að almenningur geti borið traust til barnaverndar.


Yngra fólk treystir nefndunum betur en eldra fólk. 73 prósent fólks á aldrinum 18 til 29 ára báru mikið traust til þeirra en 45 prósent 60 ára og eldri.

Fleiri karlar en konur treystu nefndunum vel, og fólk á landsbyggðinni meira en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur var þó ekki marktækur. Þá virðist traust vera meira hjá þeim sem eru með mikla bóklega menntun en þeim sem eru lítið menntaðir. -þeb



Eignastýring MP banka

# ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI



Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.\*

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010. Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%. Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008. Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni. Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

\* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

# 14,4%

Meðalávöxtun á síðustu 8 árum\*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

Kynntu þér eignastýringu MP banka á [www.mp.is](http://www.mp.is) eða hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | [www.mp.is](http://www.mp.is)



Skorað á Íslendinga að sitja áfram í stjórn Heimssamtaka matreiðslumanna:

## Kemur íslenskri matarmenningu á kortið

**FÉLAGSMÁL** Skorað hefur verið á Íslendinga að bjóða sig fram á ný til stjórnarsetu í Heimssamtökum matreiðslumanna, eða WACS, fyrir kjörtímabilið 2012 til 2016. Þeir Gissur Guðmundsson, Hilmar B. Jónsson og Helgi Einarsson sitja í núverandi stjórn en um tíu milljónir matreiðslumanna í 100 löndum eru meðlimir í WACS.

Kynning á íslenskum mat og matarmenningu hefur eflst víða um heim eftir að Íslendingarnir tóku sæti í stjórn samtakanna, að sögn John Clancy, formanns menntanefndar WACS. Þetta sagði hann í ávarpi á kynningarfundum á Hótel Borg, sem WACS hélt fyrir íslensk stjórnvöld

og fyrirtæki í vikunni. Clancy sagði samtökin hafa styrkst undir stjórn Íslendinganna, þeir hefðu með dugnaði og þekkingu eftir mynd samtakanna með áherslu á umverfismál og sjálfbæra og næringarríka matvælaframleiðslu.

Öflugan fjárstuðningur íslenskra fyrirtækja og stofnana þarf til að framboð sé raunhæft að sögn Gissurar Guðmundssonar. Það geti þó skilað sér margfalt til baka.

„Með þátttöku í stjórninni opnast möguleikar á að kynna Ísland, íslenska matarmenningu og framleiðsluvörur og koma þeim á framfæri á erlendum mörkuðum.“

- rat



**MATREIÐSLUMEISTARAR Á KYNNINGARFUNDI WACS Á HÓTEL BORG.** Frá vinstri: Hákon Már Örvarsson, Helgi Einarsson, John Clancy, Gissur Guðmundsson, Hilmar B. Jónsson og Hafliði Halldórsson. MYND/JÓN SVAVARSSON



**VEIDDU KRÓKÓDÍL** Áströlsku þjóðgarðsverðirnir Buckerfield og Rachel Pearce eru harla ánægð með feng sinn, 600 kílógramma þungan krókóðil sem verður fluttur í Nitmiluk-þjóðgarðinn og hafður þar til sýnis. NORDICPHOTOS/AFP



**Á HJÓLI** Notkun hjálma virðist útbreidd meðal hjólréiðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### VÍS kannar hjólréiðar fólks: 83% með hjálm

**SAMGÖNGUMÁL** Alls nota 83 prósent hjólréiðafólks í höfuðborginni hjálm. Þetta eru niðurstöður könnunar sem VÍS lét gera í átaksvikunni Hjólað í vinnuna.

Settir voru upp teljarar á sjö stöðum í borginni og áttu 1.045 hjólréiðamenn leið hjá þeim á þremur dögum í vikunni. Alls reyndust 867 vera með hjálm.

Tölurnar eru í samræmi við niðurstöður könnunar ÍSÍ frá í fyrra.

- þeb

Saving Iceland vilja fréttir af breskum flugumanni:

## Lögreglan rjúfi þögn

**LÖGREGLUMÁL** Umhverfisverndarsamtökin Saving Iceland hafa sent innanríkisráðherra og ríkislögreglustjóra bréf þar sem ítrekuð er krafa samtakanna um að upplýst verði um afskipti íslenskra lögreglumanna af breskum lögreglumanni sem fór huldu höfði innan ýmissa náttúruverndarsamtaka um nokkurra ára skeið.

Eins og upplýst var seint á síðasta ári blandaði lögreglu- maðurinn Mark Kennedy sér í hóp náttúruverndarsinna, þar á meðal meðlima í Saving Iceland. Það var þegar mótmæli gegn Kárahnjúka- virkjun stóðu sem hæst.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra óskaði eftir því fyrir þremur mánuðum að ríkislögreglustjóri upplýsti hvort íslensk lögregluvöld hefðu vitað af því að Kennedy væri flugumaður



MARK KENNEDY

bresku lögreglunnar þegar hann var hér á landi með meðlimum Saving Iceland.

Lögreglan hefur ekki veitt umbeðnar upplýsingar, að því er fram kemur í yfirlýsingu frá Saving Iceland.

„Þessi langa þögn gefur óhjákvæmilega til kynna að ekki sé allt með felldu hjá íslenskum yfirvöldum hvað störf Mark Kennedy hér á landi varða. Saving Iceland krefst þess að innanríkisráðherra, utanríkisráðherra og ríkislögreglustjóri láti af seinagangi sínum og undanbrögðum undir eins,“ segir í yfirlýsingu samtakanna.

- bj



**SORPBRENNSLAN FUNI** Æskilegt er talið að eftirlit með mengandi starfsemi væri að hluta til fyrirvaralaust. Slíkt veiti fyrirtækjunum aðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Eftirlit með mengun sjaldan án fyrirvara

Á fimm árum fór Umhverfisstofnun fjórum sinnum í óundirbúið eftirlit í fyrirtæki með mengandi starfsemi. Það var aldrei að eigin frumkvæði stofnunarinnar enda gerir reglugerð ekki ráð fyrir slíku.

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur á undanföllum árum farið fjórum sinnum í óundirbúið eftirlit í fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlitsskyldu með. Í öll skiptin var það vegna utanaðkomandi ábendinga en ekki að frumkvæði stofnunarinnar.

Þessar upplýsingar komu fram í skriflegu svari Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra á Alþingi við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur, þingkonu Framsóknarflokksins.

Eygló segir að tilefni fyrirspurnarinnar séu rakin til umræðu um mengun frá sorpbrennslum og frá aflþyngunverksmiðju Becromal við Eyjafjörð. „Ég mun tvímælaust fylgja þessu svari eftir með því að inna umhverfisráðherra eftir því hvort hún telji þetta vera ásættanlegt.“

Umhverfisstofnun hafði eftirlitsskyldu með 121 fyrirtæki árið 2010 en að jafnaði er farið til eftirlits í um 85 fyrirtæki á ári. Í öllum tilvikum var það eftirlit tilkynnt fyrirfram frá 2005, nema í eitt skipti árið 2008 og þrjú skipti árið 2010. Í þessum tilvikum var um að ræða aukaeftirlit vegna kvartana eða ábendinga um hugsanleg brot á ákvæðum starfsleyfa.

Í reglugerð um mengunareftirlit er tilgreind tíðni og umfang eftirlits, sem er ólíkt milli fyrirtækja. Þá kemur fram í svari ráðherra að tilgangur þess að tilkynna um eftirlit fyrirfram sé að tryggja að



STEFÁN GÍSLASON

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

búið sé að taka saman upplýsingar og að tengiliður sé til staðar til að svara spurningum. Mengunarmælingar krefjast oftast mikils undirbúnings og ekki er unnt að koma slíkum búnaði upp eða láta framkvæma mælingarnar með örskömmum fyrirvara, eins og segir í svari ráðherra.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice, sagði í viðtali við Fréttablaðið í janúar vegna mengunar frá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði að fyrirtækjum sé treystandi, ef þau eiga yfir höfði sér viðeigandi refsingu ef þau bregðast traustinu. „Þar held ég að gallinn í kerfinu liggja. Eftirlitsstofnanir eiga að minna mati að vera mun ákveðnari en þær eru varðandi kröfur um framkvæmd mælinga, duglegri við að koma í óundirbúið eftirlit til að geta staðið menn að verki ef rangt er mælt – og síðast en ekki síst miklu harðari í horn að taka ef skilyrðum er ekki fullnægt.“

svavar@frettabladid.is

Háskólinn á Akureyri  
University of Akureyri



**VILTU LÆRA HEIMA?**  
FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

EFTIRTALDAR FJARNÁMSLEIÐIR VERÐA Í BOÐI HAUSTIÐ 2011:

Félagsvísindi  
Fjölmiðlafræði  
Hjúkrunarfræði\*  
Iðjupjálfunarfræði

Kennarafræði  
Líftækni  
Náttúru- og auðlindafræði  
Nútímafræði

Sálfræði  
Sjávarútvegsfræði  
Viðskiptafræði

\*Einungis í boði á Selfossi

www.unak.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní.





Kristinn Ingi Kristjánsson - Gerðaskóla



Vladislav Karsovsky - Fellaskóla

## Mjólkursamsalan þakkar frábæra þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – nærri 1300 myndir bárust frá 4. bekkjum í 60 grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

**Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir og óskum vinningshöfum til hamingju!**  
Mjólkursamsalan



Hilmar Albertsson - Húsaskóla



Sigmar Marjón Friðriksson - Gerðaskóla



Sólveig Blær Björnsdóttir - Austurbæjarskóla



Álfheiður Agla Oddbjörnsdóttir - Grunnskóla Fjallabyggðar



Þórunn Elsa Þórisdóttir - Hvassaleitisskóla



Þorbjörg Una Hafsteinsdóttir - Glerárskóla



Logi Gunnarsson - Smáraskóla



Hildur Björg Jónsdóttir - Hofstaðaskóla





Hvernig á að höggva á hnútinn og bjarga gömlu húsunum í miðbænum?

## Dýr mistök

**P**að er leiðinleg þversögn að á sama tíma og nýtt og glæsilegt tónlistar- og ráðstefnuhús rís í miðborg Reykjavíkur og lyftir henni upp grotna mörg af gömlu húsunum í miðbænum niður og spilla ásýnd hans.

Fréttablaðið birti um helgina myndir af nokkrum húsum sem eru í hvað mestri niðurníðslu. Það er sannarlega ekki falleg sjón. Jafnframt voru birtar upplýsingar um eigendur húsanna. Af tíu húsum eru aðeins tvö í eigu einstaklinga; hin eru í eigu einkahlutafélaga, sem sennilega hafa ekki keypt þessi hús til að gera þeim til góða, heldur til að rífa þau og byggja gler- og steypuhallir.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Borgarþing geta ekki með nokkru móti sætt sig við ástandið á þessum húsum – og mörgum fleirum. Þau stinga ekki aðeins í augun, heldur

valda þau lækkun á verði húsanna í kring. Hætta er á að í húsunum verði til bæli eiturfjaskjúklinga og hústökufólks, með tilheyrandi ónáði og sóðaskap. Í ofanálag eru þau brunagildir sem slökkviliðið þarf að hafa sérstakt eftirlit með.

Þó er það svo að þegar rýnt er vel í myndirnar af þessum gömlu, niðurlægðu húsum má sjá í gegnum ryðið, veggjakrotið, flagnaða málninguna og byrgða gluggana að þetta voru allt saman einu sinni snotur hús, sum hver jafnvel glæsileg. Þau voru borgarþróði og geta orðið það aftur.

Magnús Skúlason, arkitekt og formaður Íbúasamtaka miðborgar, segir í samtali við Fréttablaðið að einn lóðareigandi eigi ekki rétt á að troða á lóðum annarra. „Og með því að taka ekki á því að þessi hús drabbist niður, er það nákvæmlega það sem er að gerast. Það er verið að troða á rétti annarra. Það er eins og það sé engin stjórn á þessari borg.“

Aðgerðaleysi borgaryfirvalda í málinu hefur verið gagnrýnt harðlega árum saman. Árið 2008 voru eigendum niðurníðdra húsa sendar hótanir um dagsektir, kæmu þeir húsunum sínum ekki í lag, en þeirri hótun hefur ekki verið fylgt eftir nema í einu tilviki.

Magnús Skúlason bendir réttilega á að rót vandans liggja í skipulaginu. „Þegar það gerir ráð fyrir niðurrífi og einhverjum risastórum byggingum, þá hika yfirvöld við að ráðast í framkvæmdir eða beita dagsektum. Þetta býtur hvað í skottið á öðru,“ segir hann.

Magnús bendir jafnframt á að þegar rætt sé um að vernda gömlu húsin í miðbænum með skipulagi beri borgin fyrir sig að eigendur húsa sem telji sig tapa á að mega ekki rífa þau og reisa ný stórhýsi kunni þá að eiga rétt á skaðabótum.

„En það verður bara svo að vera,“ segir Magnús. „Það er dýrt að gera mistök.“

Þetta þurfa borgaryfirvöld að íhuga rækilega. Vilja þau halda áfram og sökkva dýpra í fen skipulagsmistaka fortíðarinnar – sem er líka dýrt – eða vilja þau höggva á þennan hnút og hlúa að gömlu húsunum í miðbænum?

### Loksins búið... eða hvað?

Þrátt fyrir að mikill léttir hafi einkennt andrúmsloftið í Karphúsinu þegar kjarasamningar voru undirritaðir í vikunni er óvissunni í kjaramálum hvergi nærri lokið. Hækkun lágmarkslauna mun koma illa við atvinnurekendur í verslun og þjónustu, þar sem starfsfólk þeirra er að stórum hluta á lágmarksskaupi. Því er hætt við að mörg fyrirtæki í þeim geru muni lenda í vandræðum, með tilheyrandi uppsögnum og verðhækkunum.

### Páskahret

Heyra má frá fólki sem tók þátt í samningakarpinu að fulltrúar verslunar- og þjónustufyrirtækja séu æfir yfir því að forysta Samtaka atvinnulífsins hafi ekki nýtt tækifærið sem gafst fyrir páska til að ganga að mun hagstæðari samningum. Þess í stað hafi samningamenn SA haldið dauðahaldi í kröfur um aðkomu útvegsmanna að sjávar-



útvegsfrumvarpinu umskrafaða. Í dymbilviku hafi SA hins vegar samið við starfsmenn Elkem á Grundartanga á mun betri kjörum en rædd voru í viðræðum við ASÍ. Það hafi síðan skilað sér í hærri kröfum verkalýðshreyfingarinnar, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir verslunarfyrirtæki.

### Fugl í hendi

Málshættir í páskaeggjum eru oftar en ekki einkennilega viðeigandi. Ef til vill hefur Vilhjálmur Egilsson fengið: Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi.

thorgils@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Samheldni í breyttum heimi

### Evrópumál



Catherine Ashton  
yfirmaður  
utanríkis- og  
öryggismálastefnu  
ESB

Í dag, 9. maí, fagnar Evrópusambandið því að þennan dag árið 1950 lagði Robert Schuman fram hugmyndir sínar um náið samstarf Evrópuríkja til að koma á varanlegum friði og hagsæld í álfunni. Kjarninn í sýn Schumans var að samstarf Evrópuríkja gæti þróast smátt og smátt en ekki með einni ákvörðun eða á einn tiltekinn hátt. Evrópuríki myndu deila með sér fullveldi og byggja upp samstöðu í gegnum sameiginleg verkefni. Og sú varð raunin.

Það sem byrjaði sem kola- og stálbandalag og þróaðist yfir í efnahagsbandalag, hefur breyst í samband sem beinir sjónum sínum í auknum mæli út á við og lætur gott af sér leiða í nánasta umhverfi sínu og um allan heim. Það ber framsýni Schumans glöggt vitni hversu vel þessi hópur lýðræðisríkja hefur stækkað og dafnað. Aðildarríkjum ESB hefur fjölgað úr sex í 27 og lýðræði, réttarríki og virðing fyrir mannréttindum hefur breiðst út til 500 milljóna íbúa sambandsins.

Stórt skref í átt að markmiðinu um að byggja upp trúverðuga utanríkisstefnu var tekið með stofnun utanríkisþjónustu ESB (European External Action Service) 1. janúar á þessu ári. Í fyrsta skipti getum við sameinað á einum stað þau tæki sem ESB hefur yfir að ráða: samningsumleitunir,

þróunaraðstoð, neyðar- og mannúðar- aðstoð, efnahagssamstarf og borgaralega og hernaðarlega stjórnun hættuástands.

Markmið okkar er að búa til betri og samstæðari utanríkisstefnu ESB, þróa viðbrögð og svör við hnatttrænum vandamálum og vinna náið með bandamönnum okkar um allan heim.

Skilaboðin frá Evrópu til vina okkar um allan heim eru skýr: Við viljum vinna saman að því að að takast á við þær miklu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Við erum stærsta viðskiptaheildin og stærsti veitandi þróunaraðstoðar í heiminum. Við stöðjum við lýðræðisþróun í Egyptalandi og Túnis og þrýstum á um breytingar í löndum eins og Sýrlandi sem búa við harðstjórn. Við aðstoðum við uppbyggingarstarf á Haítí og miðlum málum milli Serbíu og Kósóvó til að koma á varanlegum friði á vesturhluta Balkanskaga.

Á Evrópuþeginum notar ESB tækifærið til að minnast upphafs Evrópusamvinnunnar og líta yfir farinn veg. Utanríkisþjónusta ESB, ásamt sendinefndum í 130 löndum, er fulltrúi stærkrar og sameinaðar Evrópu. Hlutverk hennar er að tryggja öryggi og stöðugleika fyrir íbúa Evrópu og stuðla að því að íbúar annarra landa njóti sömu gæða. Lengri útgáfa er á vísir.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Frítt stæði við Leifsstöð**  
í þrjá sólarhringa hverju sinni

Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á [americanexpress.is](http://americanexpress.is)

Kortið sem kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi



# Náttvíg eru morðvíg

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Egill Skallagrímsson var terroristi. Hann var sjö ára þegar hann drap sinn fyrsta mann. Hann ældi framan í Ármód nokkurn bónda og krækti síðan augað úr honum og sneið af honum skeggið við hökuna – en þyrmdi lífi hans fyrir orð húsfreyju – þetta var í fyllerí og Ármódur hafði ekki sýnt honum næga virðingu og ekki þóst eiga neitt annað að drekka en skyr – sem hann fékk svo allt framan í sig. Þegar hamurinn rann á Egil átti hann til að bíta menn á barkann í orrustum; hann umturnaðist í einhvers konar bjarndýr; drap nánast hvern þann sem á vegi hans varð; fór um rænandi og ruplandi, brennandi og drepanði. Hann var sérstakur ógnvaldur konungshjónanna norsku: drap vini þeirra og helstu hirðmenn og loks son þeirra Rögnvald áður en hann reisti konungshjónunum níðstöng og hrakti þau af löndum sínum með galdri sínum.

Hann hafði auðvitað sínar málsbætur. En hann var terroristi.

## Saga um okkar daga

Og skáld. Þegar hann álpaðist í gildru Gunnhildar drottningar var hann svo lánsamur að Arinbjörn vinur hans – og eini almennilegi maðurinn í allri Eglu – var með honum og hafði vit og orð fyrir honum. Þetta var um nótt. Gunnhildur vildi

náttúrlega strax láta drepa Egil en Arinbjörn vildi meina að hann skyldi vera friðhelgur til morguns: „... því að náttvíg eru morðvíg.“ Á þetta hlutu þau að fallast og því tókst Agli að yrkja sína höfuðlausn um nóttina þar sem hann hlóð konung lofi sem standa myndi um aldur og ævi og var talið þess virði að hann fengi fyrir sinn „hjálma klett“.

Eins og aðrar Íslendinga-sögur er Egils saga um okkar daga. Meira að segja þakka eins og Eiríkur blóðöx og Gunnhildur þurfti að hlíta vissum síðalög málu þegar kom að aflifun andskota sinna – meira að segja Egil Skallagrímsson. Náttvíg eru morðvíg, sagði ráðgjafinn vitri, og konungur gat ekki hugsað sér að gerast sekur um slíkt og taldi sig nauðbeygðan til að þyrma varginum til morguns. Fyrir það uppskar konungur ríkulega: hann missti hefndarinnar en hafði í staðinn sæmd af málinu – um alla framtíð: við erum enn að hrósa honum fyrir þetta, enn að lesa Höfuðlausn, fyrsta kvæðið með endarími í norrænum bókmenntum, og fjallar allt um það hvað hann sé æðislegur.

Saga um okkar daga. Hversu andstyggilegur og hversu sekur sem andstæðingurinn kann að vera gilda engu að síður ákveðnar reglur um meðferð hans við handtöku: síðareglurnar snúast ekki bara um hrappinn og vernd hans heldur ekki síður um þann sem handsamar og gerir tilkall til að teljast í síðaðra manna tölu. Þegar Bandaríkjamenn skutu Osama bin Laden eins og hund um nótt, vopnlausan, á heimili sínu fyrirgerðu þeir rétti sínum (rétt eina ferðina) til að teljast

í hópi síðaðra þjóða; hvað þá að tala og aðhafast í nafni þeirra.

## Niðingsverk

Osama var terroristi. Hann hafði gengist við ábyrgð á mesta niðingsverki sem Bandaríkin hafa orðið fyrir í sögu lands og þjóðar frá því að Evrópumenn háðu gereyðingarstríð sitt á hendur þeim þjóðum sem landið byggðu fyrir og voru kallaðar Indjónar. En okkur hættir til að gleyma því hversu óheyrilegur verknaður það var þegar ráðist var á tvíburaturnana í New York hinn 11. 9. 2001.

hversu amerísk hún var í eðli sínu – hversu Hollywood-leg hún var í áherslunni á hið sjónræna, sjónarspilið, sjálfa sýninguna; hversu mikið „show“ þessi árás var ...

En sem sé: þeir ákváðu að láta til skarar skriða og handtaka Ósama. Óneitanlega hvarflar að manni að það hefði þeim verið í lófa lagið að gera fyrr. En þeir tóku hann og skutu hann eins og hund – eða píslarvott eftir því hvernig á það er litið. Hefðu þeir þyrmt honum er ósennilegt að honum hefði auðnast að yrkja sína Höfuðlausn – að koma fram í

Hversu andstyggilegur og hversu sekur sem andstæðingurinn kann að vera gilda engu að síður ákveðnar reglur um meðferð hans við handtöku.

Það var árás sem hæfði Bandaríkin í hjartastað, varð þrjúþúsund manns að bana, skók íbúa borgarinnar og sópaði burt í eitt skipti fyrir öll þeirri hugmynd Bandaríkjamanna að þeir væru óhultir í eigin ranni. Um árabíl hafa Bandaríkjamenn vélað um í ófriðnum fyrir botni Miðjarðarhafs, stutt með ráðum og dáð innflytjendur frá Evrópu sem lögðu undir sig Palestínu og nefndu ríki sitt Ísrael; stutt gjörspillta einræðisherra í arabalöndum sem nú falla af illverkum sínum einn af öðrum í þeirri lýðræðisbylgju sem fer um þessi lönd. Árás al Kaída á hjarta New York færði þann ófrið þeim sem áður höfðu talið sig geta mündlað með hann í hæfilegri fjarlægð. En kannski var ekki síst sláandi við árásina

sjónvarpi og hlaða Obama Bandaríkjaforseta mæðar lofköst þann er lengi stendur óbrotgjarn í bragar túni. Hvað þá að honum hefði tekist – eins og manni skilst á formælendum vígsins – að snúa heimsbyggðinni á sitt band með orðsnilld sinni hefði hann fengið „platform“ eins og það er orðað. Ætli hitt hefði ekki verið sennilegra að við okkur hefði blasað leiðinlegur og bjánalegur maður knúinn áfram af hatri og hleypidómum. En aftur á móti hefði hann getað sagt eitt og annað um tengsl sín við Bandaríkjustjórn sem hann átti upphéð sína fyrst að þakka. Þannig að þeir drápu hann eins og hund um nótt. Náttvíg eru morðvíg. Og hlálegt er það: Osama er nú píslarvottur en Obama fær hlutskipti morðingjans.

AF NETINU

## Práinn biðji afsökunar

Íslenskar kыр eiga skilið afsökunarbeiðni frá Práni Bertelssyni vegna ummæla hans um „fasistabeljur“. Práinn hefur ekkert með það að gera að tengja fasisma við kыр – þessar yndislegu rólyndisskepnur sem eru að vísu afar þrjóskar en fjarri því að geta verið fasískar.

Þá hefur hann ekkert með það að gera að tengja íslenskar kыр við íslenskar stjórnmálakonur. Það er vanvirðing við þær Búbót, Búkollu og Gránu gömlu – lífi minning þeirra ágætu belja sem ég kyntist svo vel í æsku.

[blog.eyjan.is/hallurm/](http://blog.eyjan.is/hallurm/)

Hallur Magnússon

## Ekki fasistapakki

Ég mundi auðvitað ekki kalla þær Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Ragnheiði Elínu Árnadóttur „fasistapakki“.

En ég verð hins vegar að segja að ég skil samt vel þá gremju sem gripið hefur Práin Bertelsson þegar þær stóllur tóku að andæfa af miklum krafti vali á Andra Snæ Magnasyni í nefnd til að vinna úr hugmyndum um uppbyggingu í Þingvallabjörggarði.

Hver er Andri Snær Magnason? Hann er vitaskuld ekki guð almáttugur, hann er ekki óskekull, og hver sem vill má auðvitað hafa á honum sína persónulegu skoðun.

En hann er samt alveg óumdeilanlega hugmyndafrókur, frjór og uppátækjasamur – mikill ástríðumaður í öllu er lýtur að umhverfi okkar, skipulagsmálum og menningu. Hann virðist vera nákvæmlega klæðskerasamaður í nefnd til að vinna úr hugmyndum um uppbyggingu í Þingvallabjörggarði.

[blog.eyjan.is/illugi/](http://blog.eyjan.is/illugi/)

Illugi Jökulsson

# Við erum með réttu leiðina fyrir þig

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.



## Ódýrari mínútur

Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum\*

Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands

590 kr. mánaðargjald

\*1.000 mín./ 500 SMS á mán.




## 3 vinir og 300 SMS

Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi\* og sendu 300 SMS á alla hina

Eitt mínútuverð í alla innanlands

1.390 kr. mánaðargjald

\*600 mín./ 300 SMS á mán. 300 MB á mán. fylgir til áramóta.



## 6 vinir óháð kerfi

Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi\*

Eitt mínútuverð í alla innanlands

2.190 kr. mánaðargjald – Veldu áskrift eða Frelsi

\*Áskrift 1.000 mín./ 500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.



## 1000 mínútur

Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi\*

Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið

7.990 kr. mánaðargjald

\*1.000 mín./ 500 SMS á mán.



## Ring

Fyrirframgreidd þjónusta – fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir

0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald

eða

0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald\*

\*1.500 mín./ SMS á mán.

siminn.is

Síminn



SKÓLINN

OPNAR

DYR

# OPIN NÁMSKYNNING Í LAUGARDALSHÖLL

**FIMMTUDAGINN 12. MAÍ FRÁ KL. 11-16**

**Kynntu þér nýja námsmöguleika í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og fullorðinsfræðslu.**

Ráðgjafar frá Vinnumálastofnun og skólunum aðstoða þig við að finna heppilegustu leiðirnar til að bæta menntun, auka hæfni þína og fjölga atvinnumöguleikum. Kynningin er opin öllum.

**Menntun býr til betri framtíð!**



**Nám er vinnandi vegur** byggir á tillögum frá samráðshóp ráðuneyta, allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hreyfinga námsmanna sem forsætisráðherra skipaði. Fjármögnun átaksins var tryggð með samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga en í heild verða framlög til menntamála með áttakinu aukin um sjö milljarða króna næstu þrjú ár.

**Framhaldsskólinn verður efldur og opnaður.** Atvinnuleitendum verður gefið tækifæri til að mennta sig, sérstakur þróunarsjóður stofnaður til að efla starfstengt nám og samstarf skóla og fyrirtækja um starfstengt nám verður aukið. Lög um LÍN og framfærslukerfi námsmanna verða endurskoðuð, skil framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu verða gerð sveigjanlegri, námsráðgjöf eflað og vinnustaðanámssjóður styrktur.

**Nám er vinnandi vegur byggir á því markmiði Íslands 2020 að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla fari úr 30% niður í 10% fyrir árið 2020.**

## OPNIR FRAMHALDSSKÓLAR

Með áttakinu verður mun auðveldara en áður að komast að í framhaldsskóla eftir námshlé. Haustið 2011 munu skólarnir taka inn alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011. Þannig gefast frábær tækifæri til að ljúka námi eða bæta við kunnáttu á ýmsum sviðum sem nýtast vel á vinnumarkaðnum.



### SKÖPUN

Skapandi greinar verða sífellt mikilvægari í atvinnulífinu og nú eru ársverk í þeim geira nærri 10.000. Ný hugverk eru verðmæti, störfin skemmtileg og þörfin fyrir skapandi starfskrafta mun halda áfram að aukast. Námsráðgjafar og skólar munu kynna námsleiðir og nýja möguleika á þessu sviði.



### TÆKNI

Á næstu árum er áætlað að fjöldi nýrra starfa skapist ár hvert í verk- og tæknigeiranum. Aukin þörf fyrir starfsfólk með menntun og hæfni í verklegum greinum skapar spennandi tækifæri fyrir alla sem vilja bæta við grunnmenntun sína og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Fjöldmörg námstækifæri á þessu sviði verða kynnt á námsstefnunni.



### UMÖNNUN

Með hækkandi meðalaldri og sífellt betri aðbúnaði fjölga umönnunarstörfum ár frá ári. Eftirspurn eftir menntuðu starfsfólki er mikil og líklegt er að hún fari vaxandi næstu ár. Störf í þessum geira eru fjölbreytt og tækifærin mörg. Námsmöguleikar á framhalds- og háskólastigi verða kynntir auk ýmissa símenntunartækifæra.

## 1000 NÝ TÆKIFÆRI FYRIR ATVINNULEITENDUR

Með samstarfi skóla, stjórnvalda og atvinnulífs opnast nýir möguleikar fyrir atvinnuleitendur. Þeim sem uppfylla skilyrði gefst nú kostur á að stunda nám á haustönn án þess að greiða skólagjöld.

Markmiðið er að veita 1000 umsækjendum aðgang að framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu – með óskertum atvinnuleysisbótum í eina önn.

**Kynntu þér þína möguleika og leitaðu ráða hjá ráðgjöfum VMST og námsráðgjöfum skólanna á fimmtudaginn.**

**NÁM ER  
VINNANDI  
VEGUR**





**44 HELGI HJÖRVAR** alþingismaður er 44 ára í dag. „Hið nýja vinstri er frjálst stjórnmálaafl, víðsýnt og umburðarlynt.“

## Merkisatburðir

- 1593** Í bréfi til hirðstjóra frá konungi er ákvæði þess efnis að innsigli Íslands skuli vera hausaður óflattur þorskur með konungskórónu.
- 1768** Rannveig Egilsdóttir lýkur ljósmóðurprófi á Staðarfelli í Dölum. Hún var fyrsta menntaða ljósmóðirin á Íslandi.
- 1855** Prentfrelsi er leitt í lög á Íslandi með tilskipun konungs.
- 1886** Barnastúkan Æskan er stofnuð í Reykjavík.
- 1945** Síðari heimsstyrjöldinni lýkur.
- 1964** Verkamannasamband Íslands er stofnað.
- 1965** Keflavíkurganga á vegum hernámsandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.
- 1974** Rithöfundasamband Íslands er stofnað.

**PETTA GERÐIST: 9. MAÍ 1986**

## Stærsta matvælasýning hérlendis

Á þessum degi árið 1986 var stærsta matvælasýning sem haldin hafði verið hérlendis opnuð í Laugardalshöllinni. Sýningin kallaðist Matarlist '86, en heimilissýningar sem settar voru upp í höllinni á þessum árum voru vel sóttar. Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, opnaði sýninguna, en að henni stóð Nemendafélag Hótel- og veitingaskóla Íslands og tóku fjörutíu fyrirtæki og stofnanir þátt í sýningunni. Við opnunina afhentu nemendur Hótel- og veitingaskólans Davíð Oddssyni,

þáverandi borgarstjóra, fyrsta eintak af „Handbók sælkerans“, sem samin var af nemendum skólans. Meðal þess sem þótti nýbreytni á sýningunni var hugmyndabanki sem komið var upp í Laugardalshöllinni, þar sem menn gátu sent inn tillögur um matreiðslu lambakjöts, sem var í stóru hlutverki á sýningunni. Bæði var útigrilli komið upp þar sem lambakjöt var steikt í heilum skrokkum og svo var efnt til samkeppni um matreiðslu lambakjötsréttta. Þeir réttir sem fengu viðurkenningu voru settir í sölu á nokkrum veitingahúsum.



ELÍ TRAUSTASON SEX MÁNAÐA: FÉKK SANNAR GJAFIR Í SKÍRNARGJÖF

## Lætur strax gott af sér leiða

Ásta Bragadóttir og Trausti Óskarsson voru meðal þeirra fyrstu sem gerðust heimsforeldrar á vegum Unicef á Íslandi. Þau fluttu til Stokkhólms fyrir einu og hálfu ári til að stunda sérnám í læknisfræði og halda áfram að láta gott af sér leiða.

„Okkur er það hjartans mál að gefa til góðgerðamála. Þegar við komum heim til Íslands til að láta skíra Elí fengum við þá hugmynd að benda á sannar gjafir Unicef í boðskorti til vina og ættingja,“ segir Ásta. Þau Trausti eignuðust drenginn Elí í október síðastliðnum en fyrir áttu þau dótturina Unu, 6 ára. „Drengurinn á nóg af fötum og leikföngum, auk þess sem við búum ekki í stóru húsnæði og vorum með mikinn farangur,“ útskýrir Ásta, sem segir beiðnina hafa mælst vel fyrir hjá skírnargestum.

„Það er úr ýmsu að velja hjá Unicef. Þar eru námsgögn, moskítónet og bóluefni en svo er einnig að finna dýrari gjafir s.s. reiðhjól og vatnsdælur, allt til að bjarga lífi nauðstaddir barna,“ segir Ásta, en gjafirnar má kaupa á vef unicef.is. „Þar má setja inn persónulega kvæðu sem starfsfólk Unicef prentar út með lýsingu eða mynd af gjöfinni og þannig er hægt að koma með fallett gjafakort í veisluna,“ útskýrir Ásta.

Elí litli fékk margar góðar gjafir. „Hann fékk meðal annars ungbarnavigt, fjögur moskítónet, námsgögn,



VIÐ SKÍRNINA Elí ásamt foreldrum sínum og Unu stóru systur við skírnina sem fram fór í apríl.

bóluefni og vatnshreinsitöflur,“ telur Ásta upp. Hann er sá Íslendingur sem hefur fengið flestar sannar gjafir. Hún segir þó sumu hafa stolist til að stinga peningum í umslagði til Elí og nokkrir hafi gefið hefðbundnari skírnargjafir. Ásta segir að fjölskyldan hafi fengið góð viðbrögð á skírnardaginn. „Margir hrósuðu okkur fyrir þetta og ein

frænka mín gerðist heimsforeldri í kjölfarið.“

Allar líkur eru á að Elí litli reyni að láta gott af sér leiða í framtíðinni en á dögum gaf hann sína fyrstu sönnu gjöf. „Við fórum í fermingarveislu um daginn og þá gaf hann fermingarbarninu ungbarnavigt,“ segir Ásta og hlær.

solveig@frettabladid.is



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og amma,*

**Pensri Stefánsson**

Tunguheiði 14, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 18. apríl 2011. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 9. maí kl 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Einstakar þakkir færur við starfsfólki Landspítalans fyrir frábæra umönnun og gott viðmót.

Guðmundur Skúli Stefánsson  
Chakkaphan Thakham  
Kiattisak Thakham  
Yuna Ír Thakham  
Wattanee Boodudom



*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Benediksdóttir**

áður til heimilis að Árvegi 2, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum laugardaginn 30. apríl. Jarðarförin fer fram frá Selfoskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Gíttarfélag Íslands eða Ljósheima Selfossi.

Guðrún Halldórsdóttir  
Guðmundur Eiríksson  
Benedikt Eiríksson  
Ingvar Daníel Eiríksson  
Porbjörg Henný Eiríksdóttir  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn  
Valdimar Valdimarsson  
Helga Haraldsdóttir  
Eygla Gunnarsdóttir  
Óli Jörundsson  
Bjarni Einarsson



**Benedikt Benediktsson**

kennari,  
Þórðarsveg 6, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

Systkini hins látna.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, sambyliskona og amma,*

**Guðrún Ása Brandsdóttir**

Reynimel 74,

verður jarðsungen á morgun, þriðjudaginn 10. maí, frá Fríkirkjunni kl. 15.00.

Ásrún Laila Awad  
Sylvía Kristín Ólafsdóttir  
Ágúst Þór Guðsteinsson og barnabörn  
Kjartan B. Björgvinsson



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Benóný Kristjánsson**

fyrirverandi skrifstofustjóri  
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 1. maí. Hann verður jarðsungen frá Kópavogskirkju í dag, mánudaginn 9. maí kl. 15.00.

Sigurbjörg Jóhanna Þórðardóttir  
Unnsteinn Þórður Gíslason  
Magnús Gíslason  
Kristján Gíslason  
Gísli Örn Gíslason  
Guðrún Benedikta Elíasdóttir  
Birna Bjarnadóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingella Þórðardóttir**

Sóleyjargötu 10, Akranesi,

verður jarðsungen frá Akraneskirkju miðvikudaginn 11. maí kl. 14.00.

Margrét Ármannsdóttir  
Ármann Ármannsson  
Þóra Emilía Ármannsdóttir  
Ásmundur Ármannsson  
barnabörn og barnabarnabörn  
Þorvaldur Jónasson  
Sigurbjörg Ragnarsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)





Vorið og reyndar sumarið er komið og um að gera að færa lífið sem er að kvikna í garðinum inn í hús. Klippið greinar og strá og setjið í hvers kyns ílát, könnur og krukkur. Það er heimilislegra en að nota vasa.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

**GEZE**

**Fyrirtæki - Húsfélög**

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



**JÄRN&GLER** Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h, Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarnogler.is

Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl, sölu- og markaðsstjóri, bakar kræsingar í Sápúbakaríinu.



## Sápur nar ilma líkt og þær líta út

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**H**andgerðar sápur í líki girnilegs bakkelsis; kleinuhringja, tertna, smákaka og ís- og frostpínna, hafa vakið mikla athygli en sápubakarinn sjálfur heitir Erla Ósk Arnardóttir Lilliendahl.

„Ég hef alltaf verið að búa eitthvað til, alveg frá því að ég man

eftir mér. Ég er mikill sælkeri sjálf og þegar ég rakst á sápur í líki bakkelsis á netinu ákvað ég að leggjast í smá rannsóknarvinnu og athuga hvort ég gæti ekki útbúið girnilegar sápur sjálf.“ segir Erla, en sápur nar heppnuðust ljóm- andi vel og er hún farin að selja þær í gegnum facebook á slóðinni facebook.com/sapubakari.

Í sápunum eru mild innihaldsefni sem erta ekki og henta að sögn Erlu viðkvæmustu húð. „Sápur nar ilma engu að síður í takt við það hvernig þær líta út; eru með smákökulykt, jarðarberjakremslykt og svo framvegis. Ég hef gert risastórar tertu- sápur sem skornar eru í sneidar og krakkar eru mjög hrifnir af frost- pinnasápunum.“ juliam@frettabladid.is

**TECE:**

**ideal**  
STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð  
**45.000**

**IOI**  
ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16  
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00  
Fax 4 12 12 01


www.isleifur.is

## Gerirð gæða- og verðsamanburð



**IQ-CARE**

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR  
Ein besta heilsudýna í heimi



**PROFLEX**

Úrval af stillanlegum heilsurúma

12 mánaða  
vaxtalaugar  
greiðslur

Sjá nánar verð og  
ný tilboð á [www.svefn.is](http://www.svefn.is)

**Svefn & heilsa**



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00





**Tripp Trapp stóllinn** sem norskur húsgagnahönnuðinn Peter Opsvik hannaði fyrir Stokke AS kom fyrst á markað árið 1972. Hann varð með tímanum að metsöluvöru og árið 2007 hafði hann selst í sex milljón eintökum.

## HOLLUR BITAFISKUR

**+80% prótín**  
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

## SPANHELLUBORÐ Á SPENNANDI VERÐI!

**ZEPA**

Aflauki (BOOSTER) á öllum hellum

580x550mm

Stærð 580x550 mm  
Snertirofar, 3 afstillingar  
Tímastilling (allt að 99 mín)  
Barnalæsing  
2 hellur 210 mm 1500-2000W  
2 hellur 145 mm 1200-1600W

**TILBOÐSVERÐ AÐEINS KR. 99.900**

friform.is Mán. - föst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15

**Friform**  
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FRÉTTIR VÍSSKIPTI ÍPÓTTIR LÍFID UMR/EDAN

## MEIRI MENNING

**vísir**

# Netagerðin aftur í húsið

Reisulegt hús við Mýrargötu, gjarnarn kennt við Liborius, hefur lengi staðið autt en nú er aftur von á lífi í húsið. Hönnunargalleríið Netagerðin verður opnað þar innan skamms.

„Staðsetningin er frábær og húsið æðislegt,“ segir Olga Hrafnadóttir, önnur tveggja í hönnunarfyrirtækinu Volki, en hópur hönnuða ætlar að opna nýtt gallerí, Netagerðina, að Mýrargötu 3. „Okkur fannst nafnið sniðugt þar sem netagerð var í þessu húsi í eina tíð.“

Efri hæðir hússins munu hýsa vinnustofur myndlistamanna en á jarðhæðinni verður Netagerðin og kaffihús. Hönnunarfyrirtækin Volki og Stáss, Bryndís Bolladóttir textílhönnuður, Sigga Heimis iðnhönnuður og Anna María Sigurjónsdóttir ljósmyndari standa að Netagerðinni, en samstarf þeirra spratt upp úr þátttöku á Hönnunarmarsinum í ár.

„Við sýndum allar á 10+ og Bryndís hafði frumkvæðið að því að húa okkur saman,“ útskýrir Olga. „Við ætlum að drífa þetta í gang fyrir sumarið og stefnum á að opna um mánaðamótin. Nú er verið að hreinsa út úr húsinu en við ætlum að gera sem minnst við rýmið og hafa það hrátt og töff.“

Inngengt verður úr galleríinu í kaffihúsið og segir Olga hugmyndina að mikill samgangur verði í húsinu, sýningar og uppákomur. Hönnuðirnir verða með eigin vörur í galleríinu og segir Olga nýjar vörur, meðal annars



Árný Þórarinsdóttir, Anna María Sigurjónsdóttir, Sigga Heimis, Elísabet Jónsdóttir, Helga Guðrún Vílmundardóttir, Bryndís Bolladóttir og Olga Hrafnadóttir standa að Netagerðinni.

frá Volka, verða frumsýndar þegar Netagerðin verði opnuð.

„Volki hefur verið að vinna spennandi vörur í keramik og einnig vorum við að setja í framleiðslu fatastandinn Ættartréð, sem við kynntum á Hönnunarmarsinum. Svo verðum við einnig með nýja heklaða kolla,“ segir

Olga og auðheyrir er að spenningur er í hópnum fyrir opnuninni.

„Þetta verður alveg yndislegt, og skemmtilegt að hafa svona samgang á milli fólksins í húsinu. Það hefur líka vantað kaffihús á þetta svæði í bænum. Þetta verður staðurinn til að hanga á.“

heida@rettabladid.is

## Hiti í bústaðinn

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

**Rafhitun** íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

## FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK

# OUTLET

### SKÓR

**Dömu Verð 7.500 kr. St. 37-41**

**Stráka Verð 6.900 kr. St. 27-35**

**Stelpu Verð 5.900 kr. St. 27-35**

**Herra Verð 7.900 kr. St. 41-48**

**Gúmmistígvél Verð 3.900 kr. St. 25-34**

OPÍÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16 SÍMI: 514 4407

## AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

**10 ÁRA** 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ivar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is

Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is



## Er sláttuvélin í stofunni? Vantar þig bílskúr?

Við seljum fyrir þig og finnum handa þér hentugri eign með bílskúr!

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Kíktu inn á [www.landmark.is](http://www.landmark.is)!

Þú hringir, við sjáum um rest **512 4900**

RE/MAX  
LIND

ÞAÐ ER MEIRA AÐ GERA Á FASTEIGNA-  
MARKAÐNUM EN ÞIG GRUNAR.

LÁTTU MIG SELJA FYRIR ÞIG, HRINGDU NÚNA



Hafðu samband  
699 5008

Hannes Steindórsson  
Sölufulltrúi  
hannes@remax.is  
Sími: 699 5008

Þórarinn  
Jónsson hdl.  
lögg. Fasteignasali



## Innst í botnlangagötu

Fasteignasalan Eignamiðlun er með vel við haldið einbýlishús við Barðavog til sölu.

Vogatunga nefnist einbýlishús við Barðavog sem er til sölu hjá Eignamiðlun. Það er mikið endurnýjað en þó óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Húsið er 112,4 fermetrar, byggt úr timbri og er á einni hæð, innst í botnlangagötu. Í því eru fjögur svefnherbergi, eldhús, búr, stofa, baðherbergi þvottahús og geymsla. Lóðin er í góðri rækt. Tveir inngangar eru í húsið. Aðal-inngangur er að austanverðu og hinn að vestanverðu. Austur-forstofan er rúmgóð og með flís-um á gólfi. Baðherbergið er með sturtuklefa og góðri innréttingu. Eldhúsið er með parketi á gólfi og nýlegri hvíttri innréttingu með granítvinnuborðum. Inni af er lítið búr er með parketi.

Stofan er parketlögð. Einnig hjónaherbergi sem er með stórum nýlegum eikarfataskáp og tvöfaldri hurð út á afgirta verönd til suðurs. Einnig eru tvö parketlögð



Húsið og umhverfi þess eru vitnisburður um byggð fyrir tíma skipulags.

barnaherbergi og er annað þeirra með skáp. Fjórða herbergið er teppalagt. Við innganginn bakatil er forstofa með flís-um á gólfi og fatahengi. Í þvottaherbergi og geymslu eru máluð gólf.

Húsið hefur fengið gott viðhald

á undanförunum árum. Þak hefur verið yfirfarið og endurnýjað að mestu, einnig ofnar og ofnalagnir, allir gluggar og allt gler. Þá hefur verið skipt um klæðningu að utan og skólplagnir verið endurnýjaðar. Heimkeyrslan er hellulögð.

Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...



heimili  
FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnþógar Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
lögg. leigumiðlari

Sími  
530 6500

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnþógar Hilmarsson og  
Bogi Pétursson  
löggiltir fasteignasalar

Vantar eignir  
á söluskrá



Fasteignakóngurinn auglýsir eftir...  
...fyrir ákveðna kaupendur:  
- Sérhæð með bílskúr í hverfum 105 og 108  
- 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í úthverfum  
- 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í Rimahverfi 112



Skúlagata - 2ja  
Góð 60 fm íbúð á 6. hæð í lyftuhúsi. Góða innréttingar og gólfefni og svalir til suðurs. Laus til afhendingar.



Reykás - 3ja herb.  
Rúmgóð 105 fm íbúð á 2. hæð. Tvennar svalir, þvottahús innan íbúðar og mikið útsýni. laus til afhendingar.



Bugðulækur.  
Falleg 81,4 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð / kj. með sérinngangi á eftirsóttum stað. V. 18,9 m.



Birkimelur - aukaherb í risi  
Góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með aukaherbergi í risi. Tvöföld stofa og góðar svalir. V. 25,9 m. Sölusýning á morgun þriðjudag kl 17:30



Hrísabrekka 15  
Hrísabrekka. Fullbúið nýlegt sumarhús í Svínadal í Hvalfjarðarsveit. Húsið er skráð 52,5 fm að stærð að grunnfleti og byggðingur ári 2005. Í húsinu er um 25 fm svefnloft. Húsið stendur á 4100 fm eignarlóð. V. 15,9 m.



Kaldakinn - einbýli.  
Mjög fallegt 132,3 fm einbýlishús á einni hæð í Hafnarfirði. Fallegur garður með sólpöllum og geymsluskúr. Þrjú svefnherbergi. V. 38,7 m.



Fjallalind - Gott parhús  
Parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Nýleg málað og nýleg gólfefni á neðri hæð. Fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofa og stofa og fallegur bakgarður. V. 50,0 m.



Álfabakkí - Verslanir & vörulager  
Vandað 405 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð í Mjóddinni ásamt 355 fm vörulager í kjallara. Miklir notkunnar- og tekjumöguleikar. V. 145 m



Hvaleyrarbraut - Iðnaðarhúsnæði  
Gott mikið endurbætt 1100 fm á einni hæð. Nú skipt uðð sem þrjár starfsstöðvar. Mikil lofthæð, góðar innkeyrsludyr og margir nýtingarmöguleikar. V. 95,0 m.



Hátún - sérhæð  
Góð 110 fm miðhæð í þrjúbýlishúsi. Tvö - þrjú svefnherbergi og stórar stofur. Garður í góðri rækt, sólpallur. Gott hús, laus til afhendingar. V. 24,9 m



Oddsholt sumarhús  
Gott 55 fm sumarhús á stórru 7500 fm eignarlóð. Ca 200 fm sólpallur undir og við húsið. Auðvelt að stækka húsið! V. 16,5 m



Funalind - 4ra herbergja.  
Rúmgóð og falleg 105,1 fm íbúð á 2. hæð í litlu sex hæða lyftuhúsi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Möguleg 100% yfirtaka.



Digranesvegur - Sérhæð.  
Mjög vel skipulögð og rúmgóð 154,3 fm sérhæð. 4 svefnherbergi tvær stofur og gott útsýni. Hagstætt verð og lán til yfirtöku.





**Siðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479**  
**Opið virka daga frá kl. 9-17**



**Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð**

**www.Valholl.is**

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

**Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.**

**Smárami Vandað einbýli.**



Fallegt einbýli á einni hæð neðst í Smáramanum. Stórar stofur og fjögur svefnherbergi. Vönduð gólfefni og innréttingar. Vel viðhaldin eign með góða staðsetningu. V.49.9 m Upp. Sigþór 899 9787

**Sumarhús - Ómetanlegt útsýni yfir Úlfjótswatn.**



Stórglæsilegt 150 fm sumarhús á eignarlandi við bakka Úlfjótswatn, ómetanlegt útsýni yfir vatnið og einstaklega vel hönnuð eign m.a. með fimm svefnherbergjum, fjórum baðherbergjum og eldhúsi með tækjum, á gólfum eru vandaðar granitflisar. Fyrir framan húsið við bílastæði er 30 fm gestahús sem skiptist í stór svefnherbergi með snyrtiaðstöðu, tveimur stórum geymslum þar sem hægt væri að breyta öðru þeirra í svefnherbergi. Bryggja í grennd og ótakmörkuð veiði á vatninu. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

**Kóngsbakki 15**



**Opið hús í dag milli 17:30-18:00** 91,7 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýl. máluðu fjölbýlishúsi. Stofa m/ útg. á stórar flisalagðar S-svalir. Eldhús m/ nýlegri innréttingu, ljós víðarferð, uppþotta-vel, nýl. Tæki. Þvottahús innan íbúðar. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi m/ baðkari, flisar á gólfu og veggjum. Húsið var málað og víðgætt að utan fyrir ca. 2 árum. Lóð er snyrtileg verðlauna-lóð. V. 17,1 m. Uppl. Þóririnn 844-6353.

**4ra herb. Sérhæð með bílskúr í Garðabæ.**



Mikið endurnýjuð 4ra herb. 123,5 fm sérhæð við Lynghóla í Garðabæ. Bílskurinn er 28,8 fm. 3-svefnherbergi í mikið endurnýjaðri sérhæð. Falegur garður, góð staðsetning. Eignin er laus við kaupsamning. Verð 26,9 millj. Uppl. veitir Heiðar 693-3356

**Álftanes**

stórglæsilegt nýtt einbýli m. aukaíbúð á einstakri sjávarlóð.




Nýkomið í einkasölu s.t. nýtt 308 fm einbýli m. 2-3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð og 50 fm jeppabílskúr. Glæsilegar sérsníðaðar innr., 5 góð sv. herb., flisar, náttúrusteinn, vönduð eldhús m. AEG og Siemens tækjum, m.a. uppþ. vélar, isskápar, kaffivél og fl. Stórar ca 50 fm suðvestur svalir m. lög f. heitum potti. Stórbotið panorama útsýni, Snæfellsnes, Faxaflói, Reykjanes, Reykjavík og fl. Stendur á frábærri sjávarlóð við óbyggt svæði. Áhv. góð lán ca 32 m. Verð 83 millj. Skipti á ódýrari mög. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

**Jörfabakki 14**



**Opið hús í dag milli 17:00-17:30** 112,0 fm 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð. Aukaherbergi í kjallara. Eldhús m/ nýlegri hvítri innréttingu, þvottahús innan íbúðar. Baðherbergi m/ baðkari og sturtuklefa, svefnherbergi. Rúmgóð stofa/bofstofa m/ parketi á gólfu, útg. á S-svalir. Góð eign í góðu fjölbýli. V. 18,8 m. Uppl. Þóririnn S: 844-6353

**Skípholt - endurnýjuð efri hæð+ris og góður bílskúr.**



Nýkomin í einkasölu ca 130 fm efri sérhæð + ris, ásamt 28 fm bílskúr í góðu húsi á góðum stað miðsvæðis í Rvk. Mikið endurnýjuð eign m.a. eldhús, gólfefni (parket), og fl. 2 skiptanlegar stofur og 3 sv. herb., stórt sérþvottaherb. í kj. og geymsla. Rúmgóður bílskúr (er í útleigu). Áhv. hagstætt langt. lán v.Arion banka ca 27 millj. Verð 31,8 millj. Laus fjótleiga. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

**Eldri borgarar**



**Gullsmári - með bílskúr.** Vorum að fá mjög góða ca 77 fm íbúð á 10 hæð í þessu vinsæla húsi fyrir eldri borgara. Íbúð fylgir góður 30,4 fm bílskúr. Suður svalir. Ymiskonar þjónusta í boði fyrir fólk. V. 26,9m. Nánari uppl. Heiðar s. 693-3356.

**5-7. herb./sérhæðir**



**Lautasmári - 4 sv. herb. 100% lán.** Mjög góð tepl. 110 fm 5. herb. íb. á 2. hæð í litlum 4 íb. stíggangang. 4 svefnherbergi, góðar innréttingar, frábær staðsetning, örstutt í alla skóla, íþróttir, verslanir og þjónusta. Verð 27,5 m. Áhv. hagst. langt. lán 26,5 m. (gr. byrði 158 þ.pr.mán). Laus ca 15.júní 2011. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

**4ra til 5 herbergja**



**Hrísmóar Garðabæ með Bílskúr.** Falleg 100,9 fm íbúð ásamt 18 fm bílskúr samtals 118,9 fm. 2 góð svefnherbergi og hægt að bæta því þriðja út. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Stofan er rúmgóð og vönduð gólfefni. Stórar suðursvalir. V.26,9 millj Uppl. Sigþór 899 9787



**Laufbrekka - einbýli á fráb. verði, þess virði að skoða** Vandað 205 fm einbýli m. 4 stórum herb, sólstofu og rúmg. stofum. Glæsil. eldhús. Parket. Verð aðeins 40 millj. Uppl. veitir Bárður Tryggvason í 8965521.



**Vesturberg - skipti mög. á raðhúsi/parhúsi** Í einkasölu mjög falleg 106 fm íbúð með góðum sólpalli í suður og vestur. Mikið endurnýjuð að innan og frá. skipulag. Bein sala eða skipti á sérþýli á allt að 40-45 m. Verð 19,5 m. Uppl. Bárður 8965222



**Flyðrugrandi - Vesturbær** Glæsilegt 126,2 fm 5 herb. íbúð á 4 hæð ásamt 24 fm bílskúr, samtals 150,2 fm. Stofan er rúmgóð með útgengi út á svalir og með sérsníðuðum bókaskápum. Gangur með góðum fataskápum. Herbergin eru 4. V. 38,5 m. Frábær staðsetning rétt við KR-völlinn, göngufæri í skóla. Upp. Bárður S: 896-5221



**4ra herb. falleg útsýnisíbúð með bílskúr** 148fm 4ra herb. falleg útsýnisíbúð, þar af 28 fm sérstæður bílskúr við Mariubaug í Grafarholti. Rúmgott eldhús og baðherbergi. Opið stíghaus og einungis ein íbúð á hæð. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Möguleiki á skiptum á minni eign. V.31,9 uppl. veitir Heiðar í s:693-3356



**4ra herb. við Kristnibraut í Grafarholti** Góð 4ra herb. 115,8 fm íbúð á 2-hæð í 4ra íbúða stíggangang við Kristnibraut í Grafarholti. 3-rúmgóð svefnherbergi. Gott eldhús með borðkrók, vönduð gólfefni og baðherbergi með glugga. Tvennar svalir. Rúmgóð sérgeymsla. Verð 25,5 millj. Uppl. Heiðar í s:693-3356



**Gvendargeisli sérhæð með stæði í bílag.** Mjög góð 129 fm íbúð á efstu hæð með sér inngangi í sérlega vel staðsettu húsi, íbúð fylgir gott stæði í þriggja bíla bílskýli. Mög. að taka íbúð upp í kaupverð. V. 27,8 m. Nánari uppl. Heiðar í s:693-3356



**Fífusel - Glæsileg endurn. íbúð.** Glæsil. alls ca 115 fm íb. á 3.hæð (efstu) í klæddu litlu fjölb. á góðum barnvænnum stað. Bílskýli. Stórt aukaherbergi í kj. m. aðgang að wc m.sturtu. Nýl. glæsil., eldhús, bað, innihurðir, gólfefni og fl. Suður svalir flisal. fallegt útsýni, þvottaherb. í íb. Einstaklega glæsil. eign. Ásett verð 23,5 m. Skipti mög. á 3ja herb. í 202, 203 Kópav. Uppl. gefur Ingólfur 896-5222



**Holtagerði - Vesturbæ Kópav.** Góð 4ra herb. 104 fm íb. á jarðh. í þríbýli. Nýtt í dag sem leiguhúsi m. 4 svefnherb. Getur auðveldlega verið 4ra herb. íb. Verð 18,8 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222

**3ja herb**



**3ja herb. suður íbúð við Þangbakka** Höfum tekið í sölu 3ja herb. 83 fm suður íbúð við Þangbakka. Íbúðin er vel skipulögð, búið er að kaupa ýmislegt efni sem fylgir með í kaupnum, svo sem parket og undirlag, flisar, hreinlætistæki, teki í eldhús og fl. Verð 19,7 millj. Allar uppl. veitir Heiðar í s:693-3356



**Sogavegur - falleg 3ja m. sérinng.** Nýkomin falleg 64 fm. á jarðh. í góðu þríbýli á góðum stað. Góðar innr. nýtt plastparket á gólfum, íb. nýmáluð. Laus strax. Verð 14,9 m. Lyklar á Valhöll. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222

**2ja herb**



**Rekagrandi Falleg íbúð.** Falleg lveggja herb. á þriðju hæð. Endurnýjað baðherbergi og hluti gólfefna ofl. Björt og falleg íbúð með útsýni og suður svölu. Húsið er ný tekið í gegn að utan. V 16,9 millj uppl. Sigþór s: 899 9787.



**Garðhús - Sérgarður.** Falleg 66 fm íbúð á jarðhæð. Stórt svefnherbergi með miklu skáaplássu. Eldhús opið út að stofu þáðan sem útgengt er út í sérgærd. Þvottahús innan íbúðar. V. 16,5 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



**Holtsgata - 70 fm - laus** Falleg 70 fm mjög rúmgóð 2ja herb. íbúð á 1 hæð, suðursvalir. Parket. Rúmgóð og skemmtileg íbúð í gamla vesturbænum. Göngufæri í miðbæinn og Háskólann. Uppl. veitir Bárður í 896-5221



**Falleg 2ja herb við Sóltún í Reykjavík** Höfum tekið í sölu fallega, 2ja herb. 79,2fm íbúð á 6-hæð með stæði í lokuðu bílahúsi, við Sóltún í Reykjavík. Allar innréttingar og gólfefni mjög vandað. Nýlegt hús í góðu ástandi. Uppl. veitir Heiðar s:693-3356.



**Falleg 2ja herb. í lyftuhúsi í Grafarholti** Glæsileg 70,5 fm 2ja herb. íbúð í lyftuhúsi við Katrinarlínd í Grafarholti. Stór stofa og góðar suður svalir, þvottahús innan íbúðar. Vönduð gólfefni og vel um gengin íbúð. Verð 17,9 millj. Uppl. veitir Ellert 893-4477



**Viðimelur - laus strax.** Nýkomin í einkasölu góð ca 43 fm íbúð í kj. í góðu húsi vestast á Viðimel. Nýtt eldhús, plastparket. Nýmáluð. Laus strax. Verð 10,8 millj. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.



**Dalaland 2ja með sérinngangi.** Ágæt 70 fm íbúð með sérinngangi við Dalaland í Fossvogi. Endurnýjað eldhús og bað. Sérvernd og garður, stór stofa og gott skipulag. Verð 17,9 millj. uppl. veitir Heiðar s:693-3356

**Sumarhús**



**Kjöðaberg - Frábært útsýni** Eitt glæsilegasta sumarhús í landi Kjöðabergs staðsett á 1,48 ha lóð. Eignin er 220 fm að stærð sem skiptist þannig, 100 fm fermetra kjallari, 100 fm hæð og 21 fm svefnloft en heildargólfloftur þar er 50 fm. Þrjú stór svefnherbergi. Baðherbergi með tengi f. þvottavél. Stofa og eldhús eru í stóru opnu rými, stóri gluggar með glæsilegu útsýni. Allt í kring um húsið er útsýnisallur þaðan sem sést vel allan fjallahringinn, út yfir Hvítá og einnig er hluti golfvallarinn sýnilegur. V. 37,5 mill. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



**Skorradalur - Mjög gott verð!** Gott 50f m hús innst í Skorradal, þrjú svefnherbergi og svefnloft. Mikil birkiskógur og útsýni út á Skorradalsvatnið. Uppl. Sigþór 899 9787



**Sumarhús við Hallkelshóla** Nýlegt 70fm sumarhús við Hallkelshóla í Grimsnesi. Húsið er að mestu búið, en smá frágangsvinna að utan og innan eftir. Gott skipulag, 3 svefnherb. og fallegt umhverfi. Áhvlandi 8,5 m. Skipti á bil eða hjólhúsi möguleg. Verð 13,9 m. Uppl. Heiðar 693-3356



**Sumarhús - Hraunborg** Gott 52 fm sumarhús í landi Hraunborga m. tveimur svefnherbergjum, gestahúsi og verkæðaskúr. Stofa og eldhús í opnu rými. V. 14,9 millj. Uppl. Sigþór S: 899-9787



**Sumarhús - Eignarland** Gott 49 fm sumarhús í landi Kerengis á stóru eignarlandi sem er rúmri 8200 fm að stærð. Tvö svefnherbergi ásamt svefnloftu sem getur rúmað 5-6 einbreið rúm. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

**Lóðir**



**Búðavað endalóð undir Parhús** Valhöll fasteignasala s:588-4477 og Heiðar Friðjónsson Lögg.fast. s:693-3356, kynna endalóð við Búðavað í Norðlingaholti. Búið er að teikna 250fm hús á lóðina en eftir er að greiða gatnagerðargjöld. Verð:6,5 millj. Allar frekari uppl. um lóðina veitir Heiðar Friðjónsson í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is

**Óskað-eftir**

- Mikil sala í sumarhúsum, skoða allar helgar. Jón Rafn S: 695-5520
- 100-300 fm lóðnaðarhúsnæði fyrir ákveðinn kaupanda. Uppl. Sigþór 899 9787.
- Bráðvantar fyrir ákveðin kaupanda, sérhæð eða íbúð með sérinngangi með 4 svefnherb. í Grafarvogi, Grafarholti, Mosfellsbæ, Kópavogi, Reykjavík. Allt að 33 millj. Uppl. Ingólfur 896-5222.
- Vantar rað- eða parhús í Rvk eða Kópavogi, verð allt að 55 millj. Uppl. Bárður S: 896-5221
- 4ra herb í Grafarvogi í skiptum f. 2ja herb íbúð einnig í Grafarv. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- 3-4ra herbergja eign í Akralands eða Sjálandshverfi, verð 30-32 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- Sumarhús í Öndverðanesi. Verðhugmyndir 25-35 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520
- Vantar íbúð með 4-svefnherbergjum í Árbæ eða Grafarvogi, uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356
- Vantar sérþýli í Grafarvogi, uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356
- Hef fjársterkann kaupanda af sérþýli í Fossvogi, uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356
- Vantar góða 4ra herb íbúð á jarðhæð eða í lyftuhúsi, uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356





# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINGGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



### Markarflöt - Garðabæ

Einbýlishús á einni hæð á frábærum stað með fallegu útsýni til suðurs. Húsið sem er um 200 fm að stærð stendur á afar fallegri og ræktaðri 983,0 fm lóð og skiptist m.a. í hol með útgangi í sólskála, gestasnyrtingu, rúmgott eldhús, þvottaherbergi, stofu, 4 herbergi á svefngangi og baðherbergi. Tvöfaldr bílskúr. Eign í góðu ásigkomulagi. Verð 51,9 millj.



### Furuás - Hafnarfirði

Vel skipulagtu um 367 fm einbýlishús á tveimur hæðum í Áslandinu. Að innan er neðri hæðin að mestu leyti tilbúin, en efri hæðin er tilbúin til innréttinga. Hiti er í gólfum. Bílskúr með aukinni lofthæð. Griðarlegt útsýni úr stofu yfir borgina, að jökli og víðar. Lóðin er 681,1 fm að stærð. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

## SÉRBYLI



### Ögurás-Garðabæ

Glæsilegt 129,1 fm parhús að meðtöldum 26,2 fm bílskúr. Lofthæð í húsinu er að jafnaði um 3 metrar. Húsið er allt hið vandaðasta að innan hvað varðar efnisval í innréttingum og gólfefni. Lýsing og raflagnir eru í algjörum sérlokki. Að utan er húsið klætt með viðhaldsfriðu áli og standandi eikarklæðningu, viðhaldsfriðu. Húsið stendur efst í hverfinu með stórkostlegu útsýni yfir sjóinn og fjallahringinn og gefur villt náttúran húsi og umhverfi fallett yfirbragð.



### Laugarásvegur

Mjög vel staðsett 269,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum í Laugarásnum. Hús að utan er í góðu ástandi, en hið innra þarfnast eigin lagfæringa. Stórar svalir út af stofum. Stór hjónasvita með fataherbergi. Laust til afhendingar við kaupsamn. TILBOÐ ÓSKAST.



### Mýrarás

Gott einbýlishús á einni hæð vel staðsett á útsýnisstað innst í götu. Húsið er 170,2 fm. auk 65,1 fm tvöfaldr bílskúrs. Árinn í stofu/borðstofu og hátt til lofts. Rúmgott sjónvarpshol. 4-5 herbergi. Tímurvernd til suðurs og hellulögð vernd til austurs. 943,0 fm eignarlóð. Verð 54,9 millj.



### Langholtsvegur.

Vel skipulag 212,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 21,7 fm innb. bílskúr, vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík. Opið og bjart eldhús, 4 rúmgóð herbergi, rúmgóð stofa/borðstofa auk sjónvarpsstofu með útgangi á útsýnisvalir til norðurs. Stór afgirt tímurvernd í suður. Verð 44,9 millj.



### Brúnastekkur

Glæsilegt 384 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 50 fm. tvöf. bílskúr. Húsið er mikið endurnýjað hið innra nýlega. Stórar og bjartar stofur, 3-4 herbergi og stórt sjónvarpshol. Ræktað lóð með hellulögðum verndum með skjólveggjum og vegghléðslum. Vel staðsett eign í enda á botnlanga með óbyggð svæði á tvo vegu. Sér 2ja herb. aukabúð er í kjallara hússins og er í útleigu fyrir 90 þús. pr. má. FRÁBÆR STAÐSETNING VIÐ OPIÐ SVÆÐI. Verð 69,9 millj.



### Brekkuheidi - Bláskógabyggð

Fallett 115,4 fm. steinsteyp heilsárskúsi í Bláskógabyggð, afar vel staðsett á 5.000 fm. útsýnislóð. Eignin skiptist í forstofu, opið eldhús, bjarta stofu og borðstofu, 3 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Hiti í gólfum. SKIPTI KOMA TIL GRÉINA Á EIGN Á STÓR-REYKJAVÍKURSVÆÐINU. Verð 37,0 millj.



### Unnarbraut-Seltjarnarnesi

Fallett 142,9 fm radhús á þremur hæðum að meðt. 27,8 m bílskúr. Húsið er byggt árið 2001 og stendur á góðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt. Gólfefni eru flísar og eikarparket. Hiti í gólfum. Vönduð lýsing. Um 40 fm víðarvernd til suðurs með skjólveggjum. Verð 39,5 millj.



### Kirkjutorg.

Dæmi: 2 mg, 204 stk. með afslætti **5.516 kr.**

Lægra verð í Lyfju

BAR CAFE

**BÍÓ PARADÍS**

ROUTE IRISH	17:50, 20:00, 22:10
BOY	18:00, 20:00, 22:00
A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP	20:00, 22:00
BLUE VALENTINE	17:50
GAURAGANGUR	18:00
ROKLAND	20:00
UNGFRÚIN GÓÐA OG HÚSIÐ	22:00







BROTIN EGG EFTIR JIM POWELL

# FYRIR HJARTAÐ


Og fyrir sálina. Einstaklega skemmtileg skáldsaga um sannfærðan vinstrimann  
(en alls ekki kommúnista!) og dimmstu daga 20. aldarinnar.

DYNAMO REYKJAVIK

Niðurstaða:  
„Áhrifarík saga um  
ógnartíma, full af mannlegri  
hlýju og léttleika.“  
Fréttablaðið, FB,  
7. maí 2011

„Alveg frábær bók.  
Látið þessa ekki framhjá  
ykkur fara.“  
T & B, Eymundsson,  
Austurstræti

„Fersk, hrífandi  
og óvenjuleg.  
Ógleymanleg.“  
Publishers Weekly







**VEIGAR PÁLL OG MARGRÉT LÁRA** eru áfram á skotskónum með sínum liðum. Veigar Páll Gunnarsson skoraði tvö mörk og þar af sigurmarkið í 4-3 útsigri Stabæk á Haugesund í gær. Veigar Páll hefur skoraði fimm mörk í fyrstu sex umferðunum í norsku deildinni. Margrét Lára Viðarsdóttir tryggði Kristianstad 1-1 jafntefli á útivelli á móti Örebro með því að jafna leikinn á 85. mínútu en hún er búin að skora 5 mörk í fyrstu 5 umferðunum í sænsku deildinni.

**0-1**

Fram Þór Ak.

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1037 Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Janez Vrenko (30.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	10-5 (2-4)
Varin skot	Ögmundur 3 – Rajkovic 2
Horn	12-7
Aukaspjrnur fengnar	16-5
Rangstöður	1-2

<b>FRAM</b> 4-3-3	<b>ÞÓR AK.</b> 4-3-3
Ögmundur Kristins. 5	Srdjan Rajkovic 4
Daði Guðmundsson 5	Gísli Páll Helgason 5
Kristján Hauksson 5	Atli Jens Albertsson 6
Jón Guðni Fjóluson 6	Þorsteinn Ingason 6
Sam Tillen 5	Alexander Linta 5
Halldór Hermann 5	(68., Ingi Freyr Hilm. 5)
Jón Gunnar Eysteins. 4	*Janes Vrenko 7
(75., Guðm. Mag. -)	Gunnar Már Guðm. 5
Kristinn Ingi Halld. 4	Atli Sigurjónsson 5
(64., Tómas Leifsson 4)	Sigurður Marínó Kris. 5
Arnar Gunnlaugsson 6	(86., Baldvin Ólafss. -)
Almarr Ormarsson 5	Sveinn Elias Jónsson 5
Mark Redshaw 3	(72., Ármann Pétur 5)
(46., Andri Júlíusson 5)	Jóhann Helgi Hann. 5

\*Maður leiksins

**1-2**

ÍBV Fylkir

Hásteinsvöllur, áhorf.: 745 Erlendur Eiríkson (7)

0-1 Albert Ingason (14.), 1-1 Rasmus Christiansen (29.), 1-2 Albert (74.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	13-7 (6-5)
Varin skot	Albert 4 – Fjalur 5
Horn	3-3
Aukaspjrnur fengnar	14-12
Rangstöður	3-0

<b>ÍBV</b> 4-5-1	<b>FYLKIR</b> 4-3-3
Albert Sævarsson 4	Fjalur Þorgeirsson 5
Arnór Eyvar Ólafsson 4	Þórir Hannesson 5
Rasmus Christiansen 6	Kristján Valdimarsson 5
Eiður Aron Sigurbj. 5	Valur Fannar Gíslas. 5
Matt Garner 5	Kjartan Ág. Breiðdal 6
(84., Guðm. Þórarinn -)	Baldur Bett 5
Jordan Connerton 4	(87., Oddur Ingi Guð. -)
(69., Denis Sytnik -)	Cylli Einarsson 7
Andri Ólafsson 5	Andrés Már Jóh. 6
Ian David Jeffs 5	Ingimundur Niels Ó. 5
(38., Yngvi Borgþórs. 3)	*Albert Ingason 8
Tony Mawejje 4	Jóhann Þórhallsson 6
Þórarinn Ingi Vald. 5	(82., Rúrik Andri Þor. -)
Trygvi Guðmunds. 6	

\*Maður leiksins

**0-0**

Stjarnan Víkingur

Stjörnuvöllur, áhorf.: 823 Þóroddur Hjaltalin (7)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	13-7 (4-2)
Varin skot	Magnús Karl 2 – Magnús 3
Horn	12-1
Aukaspjrnur fengnar	26-12
Rangstöður	1-7

<b>STJARNAN</b> 4-5-1	<b>VÍKINGUR</b> 4-5-1
Magnús Karl Péturs. 5	Magnús Þormar 6
Jóhann Laxdal 6	Walter Hjaltsted 6
Daniel Laxdal 7	*Egill Atlason 7
Nikolaj Pedersen 7	Mark Rutgers 6
Hafsteinn Rúnar Helg. 6	Hörður Bjarnason 5
Björn Pálsson 6	Halldór Smári Sig. 6
(69. Jesper Jensen 4)	Denis Abdulahi 5
Þorvaldur Arnason 5	Baldur Aðalsteinsson 5
Víðir Þorvaldsson 4	(87. Gunnar Helgi St. -)
(61. Aron Grétar Jaf. 6)	Sigurður Egill Lárus. 6
Halldór Orri Björnss. 6	(87. Kjartan Dige -)
Hörður Arnason 5	Pétur Georg Markan 4
(81. Grétar Atli Grét. -)	(45. Aron Elis Þránd. 6)
Garðar Jóhannsson 4	Helgi Sigurðsson 4

\*Maður leiksins

## Pungt yfir meisturunum

Breiðablik er enn stigalaust í Pepsi-deild karla eftir að hafa verið tekið í bakariíð af FH í Kaplakrika í gær. Aftur kláruðu Blikar leikinn manni færri.

**FÓTBOLTI** FH sýndi allar sínu bestu hliðar þegar liðið vann sigur á Íslandsmeisturum Breiðabliks, 4-1. Vinnusemi og dugnaður voru helstu einkenni FH-inga í leiknum en einnig munaði miklu að Blikar misstu mann af velli í seinni hálfleik.

Fyrri hálfleikur var nokkuð lífflegur og voru FH-ingar fyrri til að skora. Björn Daníel skoraði þá af stuttu færi eftir hornspyrnu en Blikar sváfu þá á verðinum í dekkningunni. Haukur Baldvinsson náði þó að jafna fyrir Blika stuttu síðar eftir skyndisókn.

Blikar léku af meiri krafti í upphafi seinni hálfleiks en sterkur varnarleikur FH-inga sá til þess að það reyndi eiginlega aldrei á Gunnleif í marki FH-inga. FH-ingar voru ávallt hættulegir í sínum sóknaraðgerðum, og þá sérstaklega eftir hornspyrnur. Pétur Viðarsson skoraði eftir eina slíka sem var keimlík marki FH-inga í fyrri hálfleik.

Svo kláraðist leikurinn á þriggja mínútna kafla. Fyrst fékk Jökull Elísabetarson tvö gul á nokkurra sekúndna millibili en það síðara fékk hann fyrir kjaftbrúk. Svo skoraði Atli Viðar eftir varnarmistök Blika og kláraði leikinn fyrir bikarmeistarana. Hólmar Örn bætti svo um betur með fjórða marki FH – sannkölluð rúsína í pylsuendanum fyrir heimamenn.

Blikar virðast eiga í

### PEPSI-DEILD KARLA

Staðan í deildinni eftir 2 umferðir:

Valur	2	2	0	0	3-0	6
Keflavík	2	1	1	0	5-3	4
Víkingur	2	1	1	0	2-0	4
KR	2	1	1	0	4-3	4
FH	2	1	0	1	4-2	3
Fylkir	2	1	0	1	4-4	3
ÍBV	2	1	0	1	2-2	3
Grindavík	2	1	0	1	3-4	3
Þór	2	1	0	1	1-2	3
Stjarnan	2	0	1	1	2-4	1
Fram	2	0	0	2	0-2	0
Breiðablik	2	0	0	2	3-7	0



Á EFTIR Kári Ársælssson, fyrriliði Blika, hefur hér misst af FH-ingnum Atla Viðari Björnssyni í leiknum í gær.

vandræðum. Þá skortir bit í sóknarleikinn og hafa fengið rautt spjald í báðum leikjum sínum til þessa. Íslandsmeistararnir eru enn stigalaust en þeir hafa þó mætt tveimur mjög sterkum liðum. Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, hafði áhyggjur.

„Mér fannst okkur skorta einbeitingu í fyrstu tveimur mörkum FH en ég hef meiri áhyggjur af því að við erum núna búnir að spila yfir 100 mínútur manni færri á tímabilinu. Rauða spjaldið í dag var vendipunkturinn í leiknum. Ég veit ekki hvað Jök-

ull sagði en það var algjört agaleysi að fá seinna gula spjaldið.“

FH-ingar litu mun betur út í þessum leik en gegn Val í fyrstu umferðinni. Þeir voru sjálfum sér líkir og kláruðu þennan leik af vinnusemi og yfirvegum. Varnarleikurinn var óflugur og sóknarleikurinn hættulegur.

„Menn komu vel gíraðir í þennan leik,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH. „Hugarfarið var í fínu lagi og leikur okkar heilt yfir góður. Við unnum tæklingar og seinni bolta og skoruðum fjögur mörk.“

eiririkur@frettabladid.is

<b>FH</b>	<b>4-1</b>	<b>BREIÐABLIK</b>
1-0 Björn Daníel Sverrisson (11.), 1-1 Haukur Baldvinsson (20.), 2-1 Pétur Viðarsson (62.), 3-1 Atli Viðar (71.), 4-1 Hólmar Örn Rúnarss. (xx.)	<b>FH 4-3-3</b> Gunnleifur Gunnleifsson 7 - Ásgeir Gunnar x, *Pétur Viðarsson 8, Freyr Bjarnason 7, Viktor Örn Guðmundsson 8 - Hólmar Örn Rúnarsson 7, Björn Daníel Sverrisson 8 (81., Hákon Atli -), Matthías Vilhjálmsson 7 - Ólafur Páll Snorrason 6, Atli Guðnason 7 (74., Hannes Þ. Sigurðsson -), Atli Viðar Björnsson 7	<b>Breiðablik 4-3-3</b> Sigmar Ingi Sigurðsson 7 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6, Kári Ársælssson 4, Elfar Freyr Helgason 4, Kristinn Jónsson 5 - Guðmundur Kristjánsson 6, Jökull Elísabetarson 4, Finnur Orri Margeirsson 5 - Arnar Már Björgvinsson 5 (73., Tómas Óli -), Haukur Baldvinsson 6 (66., Víktor Unnar Illugason 5), Kristinn Steindórsson 5 (89., Olgeir -).
Kaplakrikavöllur áhorf.: 2259	Dómari: Þorvaldur Árnason (7)	
<b>TÖLFRÆÐIN</b>		
Skot (á mark)	13-3 (8-2)	
Varin skot	Gunnleifur 1 – Sigmar 4	
Horn	5-1	
Aukaspjrnur fengnar	9-13	
Rangstöður	11-3	

Valsmenn eru einir á toppi Pepsi-deildar karla eftir sigra á FH og Grindavík í fyrstu tveimur umferðunum:

## KR-ingar björguðu stigi á umdeildu marki

**FÓTBOLTI** Valsmenn eru eina liðið með fullt hús eftir fyrstu tvær umferðir Pepsi-deildar karla eftir 2-0 sigur í Grindavík í gær. Það stefndi í að Keflvíkinga ætluðu að tylla sér við hlið þeirra en KR-ingum tókst að jafna metin á lokamínútnu á KR-vellinum.

KR-ingar björguðu stigi á móti Keflvíkingum. Óskar Örn Hauksón jafnaði metin í 1-1 á 90. mínútu leiksins eftir að KR hafði pressað stíft að marki Keflavíkur. Hilmar Geir Eiddsson kom gestunum yfir á 61. mínútu.

„Ég er bara virkilega stoltur af mínu liði og mér fannst strákarnir berjast eins og ljón allan leikinn,“

sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflvíkinga, eftir leikinn.

„Það er virkilega sárt að horfa upp á dómaraðgerðir í brækurnar í leiknum og jafnframt dýrt fyrir okkur. Gunnar Jarl (dómari leiksins) ofmetnaðist í fyrri og mér finnst hann í raun verri í ár og frammistaða hans í kvöld var sorgleg,“ sagði Willum eftir leikinn en hann vildi meina að jöfnunarmark KR hefði verið ólöglegt.

„Þetta er ásættanlegt stig sem við erum að fá hér í kvöld,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, eftir leikinn í gær.

„Ég verð að vera sáttur eftir



MARKI FAGNAÐ Keflvíkingar fagna marki Hilmars Geirs í gær.

nokkuð dapran leik af okkar hálfu, en það voru erfiðar aðstæður á vellinum í kvöld,“ sagði Rúnar.

Mörk Arnars Sveins Geirsónar og Guðjóns Péturs Lýðsónar í fyrri hálfleik tryggðu Valsmönnum 2-0 sigur í Grindavík. „Við spiluðum skynsamlega bæði í fyrri hálfleik með vindinum og svo í þeim seinni þegar það blés á móti okkur. Það gerði okkur auðvelt fyrir að skora frekar snemma og við unnum vel út frá því. Ég er auðvitað sáttur við frammistöðuna og það er mikilvægt að taka þrjú stig hérna í Grindavík,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals. - sáþ, -ae

**0-2**

Grindavík Valur

Grindavíkuvöllur, áhorf.: 1013 Magnús Þórisson (7)

0-1 Arnar Sveinn Geirsson (19.)  
0-2 Guðjón Pétur Lýðsson (29.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	8-12 (2-6)
Varin skot	Giddens 4 – Haraldur 2
Horn	5-6
Aukaspjrnur fengnar	11-14
Rangstöður	1-1

<b>GRINDAV.</b> 4-5-1	<b>VALUR</b> 4-4-2
Jack Giddens 6	Haraldur Björnsson 6
Alexander Magnúss. 5	Jónas Tór Næs 6
(71., Robbie Winters 5)	Atli Sveinn Þórarinnss. 7
Ólafur Örn Bjarnason 5	Halldór Kristinn Halld. 7
Jamie McCunnie 4	Pól Justinussen 7
Bogi Rafn Einarsson 4	Arnar Sveinn Geirss. 6
Jóhann Helgason 6	(75., Rúnar Már Sig. -)
Yacine Si Salem 4	Haukur Páll Sigurðss. 6
(62., Magnús Björgv. 5)	*Guðjón Pétur Lýðs. 8
Orri Freyr Hjaltalin 6	Matthías Guðmundss. 6
Ian Paul Mcshane 7	(79., Jón Vilhelm Áka. -)
Scott Ramsay 5	Christian Mouritsen 8
(79., Óli Baldur Bja. -)	(87., Sigurbjörn Hre. -)
	Hörður Sveinsson 5

\*Maður leiksins

**1-1**

KR Keflavík

KR-völlur, áhorfendur: 2334 Gunnar Jarl Jónsson (6)

0-1 Hilmar Geir Eiddsson (61.)  
1-1 Óskar Örn Hauksón (90.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	9-4 (5-1)
Varin skot	Hannes Þór 0 – Ómar 4
Horn	6-1
Aukaspjrnur fengnar	14-7
Rangstöður	1-1

<b>KR</b> 4-3-3	<b>KEFLAVÍK</b> 4-5-1
Hannes Þór Halldórs. 6	Ómar Jóhannsson 7
Magnús Már Lúðvíks. 5	Guðjón Árni Anton. 6
Skúli Jón Friðgeirsson 5	Haraldur Freyr Guðm. 6
Grétar Sigf. Sigurðars. 6	Adam Larsson 5
Guðmundur Reynir 7	Goran Jovanovski 6
Bjarni Guðjónsson 6	Hilmar Geir Eiddsson 7
Víktor Bjarki Arnarss. 5	(86., Grétar Ólafur -)
Baldur Sigurðsson 6	Andri Steinn Birgiss. 7
*Óskar Örn Hauks. 7	Einar Orri Einarsson 6
Kjartan Henry Finn. 6	Jóhann Birnir Guðm. 5
Guðjón Baldvinsson 6	(76., Magnús Sverrir -)
	Magnús Þórir Matth. 6
	Guðmundur Steinars. 7
	(88. Bojan Ljubicic -)

\*Maður leiksins

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!

# ÞVOTTADAGAR

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR  
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!

## ORMSSON

ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ **AEG**

530 2800 · VERSLANIR UM LAND ALLT

UMBODSMENN UM LAND ALLT





Við hvetjum Alþingi Íslendinga til að viðurkenna íslenska táknið sem fyrsta mál heyrnarlausra



Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum, vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum.

Terje Basilie



Eftirtaldir aðilar styðja íslenska táknið:





## ENSKI BOLTINN

## Enská úrvalsdeildin

<b>Aston Villa - Wigan</b>	1-1
0-1 Charles N'Zogbia (10.), 1-1 Ashley Young (16.)	
<b>Bolton - Sunderland</b>	1-1
0-1 Zenden (45.+1), 1-1 Ivan Klasnic (87.)	
<b>Everton - Manchester City</b>	2-1
0-1 Yaya Touré (28.), 1-1 Sylvain Distin (65.), 2-1 Leon Osman (71.)	
<b>Newcastle - Birmingham</b>	2-1
1-0 Shola Ameobi, víti (36.), 2-0 Steven Taylor (43.), 2-1 Lee Bowyer (45.)	
<b>West Ham - Blackburn</b>	1-1
0-1 Jason Roberts (12.), 1-1 Hitzlperger (78.)	
<b>Wolves - West Bromwich</b>	3-1
1-0 Steven Fletcher (15.), 2-0 Adlène Guédioura (28.), 3-0 Steven Fletcher (47.), 3-1 Peter Odemwingie, víti (55.)	
<b>Stoke - Arsenal</b>	3-1
1-0 Kenyvine Jones (28.), 2-0 Jermaine Pennant (40.), 2-1 Van Persie (81.), 3-1 Walters (82.)	
<b>Manchester United - Chelsea</b>	2-1
1-0 Javier Hernández (1.), 2-0 Nemanja Vidic (24.), 2-1 Frank Lampard (68.)	

## STAÐA EFSTU LIÐA

<b>Man. United</b>	36	22	10	4	73-34	76
Chelsea	36	21	7	8	67-30	70
<b>Arsenal</b>	36	19	10	7	69-39	67
Man. City	35	18	8	9	54-33	62
<b>Tottenham</b>	35	14	14	7	51-44	56
Liverpool	35	16	7	12	54-39	55
<b>Everton</b>	36	12	15	9	50-44	51
Stoke City	36	13	7	16	46-44	46
<b>Bolton</b>	36	12	10	14	49-50	46
Fulham	35	10	15	10	43-36	45

## Enska b-deildin

<b>Norwich-Coventry</b>	2-2
Aron Einar Gunnarsson spilaði allan leikinn.	
<b>Queens Park Rangers-Leeds</b>	1-2
Heiðar Helguson skoraði eftir 30 sekúndur en QPR-liðið tók við bikarum í leiklok.	
<b>Reading-Derby</b>	2-1
Brynjarr Björn Gunnarsson sat allan tímann á bekknum en Ívar Ingimarsson var ekki í hóp. Reading mættir Cardiff í úrslitakeppninni.	
<b>Scunthorpe - Portsmouth</b>	1-1
Hermann Hreiðarsson spilaði allan leikinn.	

## Síðasta stigið aðeins formsatriði

Manchester United á 19. Englandsmeistaratilinn vísan eftir 2-1 sigur á Chelsea í toppslagnum í ensku úrvalsdeildinni í gær. United lagði grunninn að sigrinum með tveimur mörkum og frábærri spilamennsku í fyrri hálfleik en Javier Hernandez skoraði fyrsta mark leiksins eftir aðeins 36 sekúndna leik.

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson og lærisveina hans í Manchester United vantar aðeins eitt stig í lokaleikjum sínum á móti Blackburn og Blackpool til þess að tryggja sér Englandsmeistaratilinn eftir að hafa náð sex stiga forskoti á Chelsea með sigri í leik liðanna í gær. Það var því ekkert skrytið að leikmenn og stjóri United fögnuðu í leiklok eins og titillinn væri í höfn.

Mikil spenna hafði byggst upp fyrir toppslag Manchester United og Chelsea á Old Trafford í gær enda var þetta hálfgerður úrslitaleikur um titilinn þar sem toppsætið var í boði fyrir það lið sem ynni leikinn. Enginn átti þó von á að það tæki heimamenn aðeins 36 sekúndur að skora fyrsta mark leiksins en sú varð raunin þegar Javier Hernandez slapp í gegn eftir stungusendingu Park Ji-Sung og skoraði. Leikmenn Chelsea horfðu sjokkeraddir hver á annan og tóku sér síðan allan fyrri hálfleikinn í að ná sér af áfallinu. Á meðan setti United á svið mikla sýningu með þá Park og Wayne Rooney í fararbroddi og yfirspilaði Chelsea stóran hluta fyrri hálfleiksins. Nemanja Vidic kom United í 2-0 á 24. mínútu með skalla eftir frábæra fyrirgjöf Ryan Giggs en mörkin hefði getað orðið miklu fleiri áður



**SIGUR Í HÖFN** Rio Ferdinand og Edwin van der Sar fagna. NORDICPHOTOS/GETTY

en Carlo Ancelotti fékk loksins tækifæri til að vekja sína menn í hálfleiknum. Chelsea setti smá spennu í leikinn með því að minnka muninn með marki Franks Lampard í seinni hálfleik en skaðinn var skeður og eftir að hafa saxað á forskot United undanfarnar vikur verða Chelsea-menn að horfa á eftir titlinum aftur norður til Manchester.

„Við töpuðum leiknum á fyrstu mínúttunni. Við byrjuðum svo illa

að eftir það var mjög erfitt að koma til baka og vinna þennan leik. Við vorum betri í seinni hálfleiknum en heilt yfir var United betra liðið og átti sigurinn skilinn. Það tók okkur talsverðan tíma að koma hausnum í lag eftir þetta mark því við vildum alls ekki byrja leikinn á því að fá á okkur mark,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea.

„Við áttum að skora sex mörk í fyrri hálfleik. Við fengum frábæra byrjun og liðið spilaði vel í dag,“ sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester United. Það getur fát komið í veg fyrir að félagið vinni nítjándra meistaratilinn og bæti þar með met Liverpool. United var nú titlum á eftir Liverpool þegar Ferguson tók við liðinu árið 1986.

„Það er frábært að geta sagt að við séum sigursælasta félagið í enskum fótbolta. Það tók sinn tíma að byggja upp réttar undirstöður fyrir félagið en síðan við unnið fyrsta titilinn höfum við bætt okkur, bætt okkur og bætt okkur,“ sagði Ferguson kátur en hann hrósaði líka stuðningsmönnum mikið fyrir stuðning í leiknum enda hneigði stjórinn sig fyrir þeim í leiklok. [ooj@frettabladid.is](http://ooj@frettabladid.is)



**TAKK FYRIR, CHICHARITO** Wayne Rooney fagnar Javier Hernandez sem hefur heldur betur reynst United-liðinu vel á sínu fyrsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HLEÐSLA** 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN



## PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU



NÝ BRAGÐ-TEGUND

HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU, LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF HLEÐSLU. HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSÝKURSÓPOL.

MJÓLKURSAMSALAN

[WWW.MS.IS](http://WWW.MS.IS)



**ARON OG FÉLAGAR BIKARMEISTARAR** Aron Pálmarsson lék mjög vel í úrslitaleiknum og hér fagnar hann titlinum í leiklok. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Alfred Gíslason gerði Kiel að bikarmeisturum í gær:

## Aron í aðalhlutverki

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson var í aðalhlutverki þegar Kiel tryggði sér þýska bikarmeistaratilinn með 30-24 sigri á Flensburg í úrslitaleiknum í Hamborg í gær. Alfred Gíslason, þjálfari Kiel, setti Aron í byrjunarliðið eftir flotta innkomu Arons í undanúrslitaleiknum á laugardaginn og Aron brást ekki traustinu.

Aron skoraði meðal annars fjögur mörk í röð í fyrri hálfleik þegar Kiel-liðið breytti stöðunni úr 5-4 í 9-6 en eftir það var liðið með ágætt tók á leiknum.

Aron var síðan markahæstur í liði Kiel ásamt þeim Christian Zeitz og Filip Jicha en þeir

skoruðu allir sex mörk. Aron skoraði alls tíu mörk í þessum tveimur leikjum og stóð sig mjög vel að stýra sóknarleik liðsins.

Aron hefur nú unnið alla stóru titlana á fyrstu tveimur tímabilum sínum með Kiel.

Kiel landaði öruggum og sannfærandi sigri í seinni hálfleiknum og það er í raun ótrúlegt að Flensburg-liðið hafi náð að slá út Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen í undanúrslitunum.

Alfred gerði liðið einnig að bikarmeisturum fyrir tveimur árum og hefur nú unnið titil á öllum þremur tímabilum sínum með liðið. - 66j

Gylfi Þór Sigurðsson hetja Hoffenheim um helgina:

## Maðurinn á bak við endurkomu liðsins

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Hoffenheim í þriðja leiknum í röð og launaði þjálfaranum traustið með því að vera maðurinn á bak við bæði mörk liðsins í 2-1 endurkomusigri á Nürnberg á laugardaginn.

Philipp Wollscheid kom Nürnberg í 1-0 á 16. mínútu en Gylfi lagði upp jöfnunarmarkið fyrir Roberto Firmino á 40. mínútu. Brasilfumaðurinn skallaði þá inn aukaspyrnu Gylfa frá hægri.

Gylfi skoraði síðan sigurmarkið sitt á 87. mínútu með laglegu hægri fótari skoti eftir að hafa verið fljótur að átta sig í teignum.

Gylfi hefur þar með skorað tíu mörk í öllum keppnum á tímabilinu. Gylfi hefur skorað tvö mörk í þremur leikjum síðan hann vann sér sæti í byrjunarliðinu á ný.




GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON





# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.



DV: 10% – Fréttatíminn: 37%

## ALLT LANDIÐ

DV: 11% – Fréttatíminn: 49%

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**  
Janúar til mars 2011, meðalgestur á tölublað 18–49 ára.



Allt sem þú þarft...



## > Joseph Gordon-Levitt

„Ég var rosalega mikill Dustin Hoffman aðdáandi þegar ég var yngri.“

Josep Gordon-Levitt leikur í spennumyndinni *Stop-Loss*, sem fjallar um hermenn sem lýkur verkefni í Irak en er skipað aftur á vigvöllinn. Myndin er á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.



## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR GLEYMDI AÐ KVEIKJA

### Sjónvarpið vék fyrir sólinni

Fyrsta sjónvarpslausa sumarhelgin er að baki. Við-tækið var ekki einu sinni í sambandi frá föstudegi til sunnudagskvölds. Eftirfarandi er meðal þess sem vék fyrir grilli, sólskini og góðu spjalli: Beverly Hills Chihuahua, sem er bíómynd um lítinn hund í Los Angeles, og síðasta syrpa hinna æsispennandi Júróvisjónkyninga, Alla leið, þar sem nokkrar af okkar helstu stórstjörnum fara yfir þau lög sem munu hljóma á hverju einasta heimili landsins þegar stóra stundin rennur upp síðar í vikunni. Ég var að borða grillaðar pylsur og dýfa tánum í heitan pott meðan þetta gekk á.

Svo missti ég líka af Vítisdreng númer tvö, sem segir frá ævintýrum Hellboy og hvernig hann bjargar heiminum frá gulllituðum her. Ég náði ekki heldur The Ugly Truth, sem er

gamanmynd með rómantísku ívafi og getur því sumsé ekki klikkað. En ég var í skotbolta og badminton á stuttboxum þegar þetta var á dagskrá.

Vissulega getur maður fundið góðan félagar í sjónvarpinu og þá sérstaklega yfir vetrarmánuðina. En þegar sólin ákveður að heilsa jafn hressilega upp á okkur og hún gerði um helgina ætti það beinlínis að vera bannað að sitja límdur við skjáinn, því sumarið kveður okkur nefnilega á endanum og gerir það meira að segja allt of fljótt. Það er skylda að njóta þess til fulls á meðan það varir. Sjónvarpið fer hins vegar ekki fet. Og dagskráin mun sennilega bara batna, því það á jú að vera lögmál. Gleðilegt sjónvarpslaust sumar!



# dagskrá

## RÚV

- 16.50 Listahátíð 2011 (e)
- 17.20 Landinn (e)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Mærin Mæja (13:52)
- 18.08 Franklín (62:65)
- 18.30 Sagan af Enyó (19:26)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Tíðir kvenna (Moon Inside You) Heimildamynd um tíðablæðingar og óþægindin sem þeim fylgja.
- 21.10 Leitandinn (23:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Meðal leikenda eru Craig Horner, Bridget Regan, Bruce Spence og Craig Parker. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Íslenski boltinn í þættinum er fjallað um Íslandsmótið í fótbolta. Umsjónarmaður er Hjörtur Hjartarson.
- 23.10 Ístólt - Þeir allra sterkustu Samantekt frá Ístóltsmóti þar sem bestu knapar landsins áttust við.
- 23.30 Þýski boltinn
- 00.30 Leiðin til Düsseldorf (e)
- 01.00 Kastljós (e)
- 01.30 Fréttir (e)
- 01.40 Dagskrárlok

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útvarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Masterchef (12:13)
- 11.00 Lie to Me (8:13)
- 11.45 Falcon Crest (26:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance (14:25)
- 14.25 So You Think You Can Dance (15:25)
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (6:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (19:19)
- 19.45 Modern Family (5:24)
- 20.10 Glee (17:22) Önnur gamanþáttaröðin um söngelska menntaskólanema.
- 21.00 The Event (19:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flotta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
- 21.45 Nikita (8:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
- 22.30 Saving Grace (8:14)
- 23.15 The Office (2:6)
- 23.45 How I Met Your Mother (6:24)
- 00.10 Bones (6:23)
- 00.55 True Blood (3:12)
- 01.50 True Blood (4:12)
- 02.45 True Blood (5:12)
- 03.35 Lie to Me (8:13)
- 04.20 The Event (19:23)
- 05.05 The Simpsons (6:22)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 FH - Breiðablik
- 15.45 Spænski boltinn: Barcelona - Espanyol
- 17.30 FH - Breiðablik
- 19.20 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp umferðirnar í Pepsi deildinni. Þeir fara ítarlega yfir allt það helsta sem gerist í hverjum leik. Öll mörkin eru skoðuð frá ólíkum sjónarhornum, farið í gegnum umdeildu atviki, það sem vel er gert skoðað og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
- 20.30 Golfskóli Birgis Leifs (7:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Halþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýttist kylfingum á öllum stigum leiksins.
- 21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar.
- 21.50 NBA 2010:2011 - Playoff Games Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
- 23.40 Spænski boltinn: Sevilla - Real Madrid

## SPORT 2

- 07.00 Man. Utd - Chelsea
- 13.05 Bolton - Sunderland
- 14.50 Tottenham - Blackpool
- 16.35 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflæg og fagleg umræða um enska boltann.
- 17.50 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.50 Fulham - Liverpool Bein útsending frá leik Fulham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Ensku mörkin Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
- 21.30 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 22.25 Fulham - Liverpool

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.20 An Idiot Abroad (4:9) (e)
- 17.10 Dr. Phil
- 17.55 Matarklúbburinn (6:7) (e)
- 18.20 Spjallið með Sólva (12:16) (e)
- 19.00 Kitchen Nightmares (6:13) (e)
- 19.45 Will & Grace (6:25)
- 20.10 90210 (18:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Það er ófriður í aðsigi þegar krakkarnir úr Beverly Hills halda til Mexíkó í vorfrí. Teddy hittir gamla kærustu, Annie drekkur í sig menningu staðarins og uppgjör verður milli Silver og Adriönnu um Navid.
- 20.55 Hawaii Five-O (10:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Þjófar ræna brynvörðum bíl og sökkva honum í höfninni. McGarrett og félagar standa á gati þegar þeir komast að því að þjófarir skildu peningana eftir. Fáar en góðar vísbendingar koma þeim á sporð.
- 21.45 CSI (17:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Við hefðbundna rannsókn rekast starfsmenn CSI á lista yfir grunaða í gömlu morðmáli.
- 22.35 Penn & Teller (5:10)
- 23.05 Californication (6:12) (e)
- 23.35 Rabbit Fall (6:8) (e)
- 00.05 Heroes (18:19) (e)
- 00.45 Will & Grace (6:25) (e)
- 01.05 Hawaii Five-O (10:24) (e)
- 01.50 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.20 Wells Fargo Championship (4:4)
- 12.20 Golfing World
- 13.10 Open de Espana (2:2)
- 17.10 PGA Tour - Highlights (16:45)
- 18.00 Golfing World
- 18.50 Wells Fargo Championship (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 Champions Tour - Highlights
- 23.45 ESPN America

## EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.15 Ally McBeal (4:22) Jenny er í forsvari fyrir Raymond í lögsókn gegn honum fyrir kynferðislega áreitni sem endar með því að hann býður henni á stefnumót.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.55 The Mentalist (18:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamála með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.
- 22.40 Chase (18:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnum.
- 23.25 Boardwalk Empire (11:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum.
- 00.25 Ally McBeal (4:22)
- 01.10 The Doctors
- 01.50 Sjáðu
- 02.15 Fréttir Stöðvar 2
- 03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## N4

- 18.15 Tveir gestir
- 18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðenskt mannlíf.
- 19.00 Fróðleiksmolinn

## INN

- 19.30 Punkturinn
- 20.00 Hrafnaþing
- 21.00 Græðlingur
- 21.30 Svartar tungur
- 22.00 Eru þeir að fá ann?
- 22.30 Eitt fjall á viku
- 23.00 Eitt fjall á viku
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# HÚSMÓÐIRIN

NÝR ÍSLENSKUR GLEÐILEIKUR

„Svo fyndin að maður missir andlitið og gapir“ K.H.H. Fréttatíminn

Vesturport

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhúsi.is

Ósottar pantanir seldar daglega!

ÖLL TRIXIN Í BÓKINNI OG NOKKUR TIL

E.B. Fréttablaðið

Borgarleikhúsið



Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.10

Glee

Verðlaunapáttaröðin Glee snýr aftur og krakkarnir í sönghópnum setja sér háleit markmið en þurfa að safna peningum. Ákveðið er að halda styrktartónleika en klappstýruskassið Sue reynir allt til að eyðileggja fyrir þeim.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfreginir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Olkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfreginir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 12.50 Dánarfreginir og auglýsingar 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnurnar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Náðarkraftur 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir 18.53 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Frá Tónskáldabinginu í Lissabon 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gími, grúsk og glóriur 23.05 Lostafullu listræninginn 23.45 Málstofan 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

08.10 My Family 08.40 My Family 09.10 My Family 09.40 My Family 10.15 EastEnders 10.40 Fawcety Towers 11.10 „Allo „Allo! 11.40 „Allo „Allo! 12.10 Keeping Up Appearances 12.40 Fawcety Towers 13.10 „Allo „Allo! 13.40 „Allo „Allo! 14.15 The Weakest Link 15.00 The Weakest Link 15.50 Fawcety Towers 16.20 „Allo „Allo! 16.55 „Allo „Allo! 17.30 Dalziel and Pascoe 18.20 Dalziel and Pascoe 19.10 Top Gear 20.00 Jack Dee Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 Coupling 22.15 Jack Dee Live at the Apollo

DR 1

10.50 Bonderøven 11.20 Postkort fra Sydeuropa 11.30 Ønskehaven 12.00 Teatertrup på farten 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Jamie i det fede USA 14.00 Timmy-tid 14.10 Chiro 14.15 Den fortryllede karrusel 14.30 Kaj og Andrea 15.00 Landsbyhospitalet 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Jamies mad på 30 minutter 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Jamie Oliver i Andalusien 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Miss Marple 21.35 OBS 21.40 I livets tjeneste

NRK 1

11.35 Norge rundt 12.00 NRK nyheter 12.05 Migrapolis 12.40 Urter 13.00 NRK nyheter 13.10 Par i hjerter 14.00 NRK nyheter 14.10 Popstokk 15.00 NRK nyheter 15.10 Dyrisk 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.45 Lev lenge! 18.15 Sirkuset, stjernene og musikken - Eurovision Song Contest 18.45 Glimt av Norge 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Norge i krig - oppdrag Afghanistan 20.00 The Street 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lewis 22.50 Nytt på nytt

svt1

10.30 Sverige! 11.00 Försummad av sin fru 13.00 Gloria-tv 13.05 Vilma 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Två kokkar i samma soppa 14.55 Måstamas mästare 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturnyheter 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Djursjukhuset 18.30 Det söta livet 19.00 Himmelblå 19.45 Väsen 20.00 Ramp 20.30 Ett evigt berättande 21.00 Damages 21.45 Inför Eurovision Song Contest 2011



STYRKJANDI DAGSKAMMTUR

WITA HUSID/SIA - 09-0984

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

**UMHVERFISÁHRIF**

Veikindi  
Streita  
Ferðalög  
Álag  
Óreglulegt mataræði

**VEIKJA VARNIR LÍKAMANS**

**LGG+**

Bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana

Mikið mótstöðuafli

Fjölpætt varnarverkun

Stuðlar að velliðan

**STYRKIR VARNIR LÍKAMANS**

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

MARKVISS STYRKING:

LGG+ er styrkjandi dagskammtur sem hentar öllu fólki á öllum aldri. Regluleg neysla LGG+ er sjálf sögð forvörn þeirra sem láta sér annat um heilbrigði sitt og styrkir þá gegn innrásum margs konar óæskilegra örvera.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ LGG+

Það getur tekið LGG+ einn mánuð að byggja upp gerlaflóruna og til að viðhalda hámarksáhrifum er mikilvægt að neyta þess daglega.



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!  
www.listahatid.is

**LISTAHÁTIÐ 2011**  
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL 20. MAÍ - 5. JÚNÍ





„Ég fæ mér fimm til sex egg og haf framjöl út í og bý til eggja-hræru.“

Annie Mist Þórisdóttir, Íslandsmeistari í CrossFit.

# Leita að goðum og gyðjum

Fegurðarsamkeppnin Goð og gyðjur verður haldin á skemmtistaðnum Spot hinn 20. maí. Aðstandendur keppinnar leita nú að sex strákum og sex stelpum til að taka þátt og eru útgeislun og heilbrigði eiginleikar sem þátttakendur þurfa að hafa fremur en annað.

Glamúrþyrirsætan Ósk Norðfjörð er einn þriggja skipuleggjenda keppinnar og situr að auki í dómarsæti. Þátttakendur keppinnar eiga að vera heilbrigðir á sál og líkama og er bæði dæmt út frá innri og ytri feður þeirra. „Okkur langaði að sjá ungt fólk blómstra og vera ánæggt í eigin líkama og sál. Við erum að leita að fólki sem þorir að láta í sér heyrna og getur verið góðar fyrirmyndir fyrir ungt fólk,“ útskýrir Ósk.

Einn piltur og ein stúlka munu hljóta titlana Goð og Gyðja ársins og að sögn Óskar fylgir titlinum nokkur ábyrgð. „Sigurvegararnir munu koma fram í skólum og gefa ungu fólki góð ráð, veita þeim stuðning og gefa ungmennum færi á að leita ráða hjá sér.“ Goðið og Gyðjan munu þó einnig hljóta glæsilega vinninga að launum og ber þar helst að nefna farsíma, ljósakort, skartgrip og dekur-pakka.

Innt eftir því hvort fyrirhugað sé að halda keppnina aftur að ári liðnu svarar Ósk því játandi. „Já, klárlega gerum við það.“

Ahugasamir geta sótt um þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið godog-gyðjur@gmail.com.



LEITIN HAFIN Ósk Norðfjörð og Karítas Ósk leita að íslenskum goðum og gyðjum ásamt Birgi Rafni Birgis. Keppnin fer fram hinn 20. maí næstkomandi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Allt lítur út fyrir að tónlistaráhugamenn eigi von á góðu á árinu. Nú þegar sólin er byrjuð að skína hagna tónlistarmenn að nýju efni, enda ekki seinna vænna ef jólaplötuflóðið á að vera gott. Hljómsveitin Dikta ku ætla að vinna að nýju efni

í sumar og ef allt gengur að óskum er stefnt að útgáfu á þessu ári. Þá hyggst söngkonan **Ragnheiður Gröndal** einnig stefna á útgáfu, rétt eins og drengirnir í Hljómsveitinni Ourlives ...



Barði Jóhannsson og Hljómsveit hans Bang Gang hyggjast einnig gefa út plötu á árinu, en ekki eins snemma og áformað var í upphafi. Þá er ein magnaðasta tónleikasveit landsins, Bloodgroup, byrjuð að huga að nýrri plötu. Sú síðasta, Dry Land, kom út fyrir tveimur árum og vakti mikla lukku. Loks var að koma nýtt lag frá **Katrinu Mogensen** og félögum í Hljómsveitinni Mammút og plata er áformuð í haust. - afb



## ÞÓRUNN CLAUSEN: TENGDAFJÖLSKYLDAN FLÝGUR ÚT FYRIR KEPPNINA

# Hlæ og græt til skiptis

„Þetta er mög mikil vinna og við erum að frá morgni til kvölds. Sífellt að vekja athygli á strákunum, þó að við séum úti að borða erum við að dreifa nafnspjöldum og barmmerkjum,“ segir Þórunn Erna Clausen. Þegar Fréttablaðið náði af henni tali var hún með smá stund milli stríða en dagskráin hjá Eurovision-hópi Íslands er þéttskipuð í Þýskalandi enda stýttist óðum í að Vinir Sjonna stígi á svið í Dusseldorf.

„Ég var að koma af rosalega fjörugum blaðamannafundi þar sem strákarnir heilluðu alla upp úr skónum, við sungum þar níu laga Eurovision-syrpu sem við vorum búin að sjóða saman,“ segir Þórunn og bætir við að margir hafa haft orð á því að það hafi sjaldan verið klappað jafn mikið á blaðamannafundi og fyrir strákunum í dag.

Vitaskuld er það tilfinningalegur rússbani sem Þórunn Erna upplifir úti í Þýskalandi en hún segist heppin að vera umvafin vinum Sjonna og mikil gleði sé hjá öllum „Við hlæjum mikið og njótum þess til hins ýtrasta að vera hérna en auðvitað koma svona mómént þar sem við förum að gráta og hugsun til þess að Sjonni fær ekki að upplifa þetta með okkur og hvað við vildum óska þess að hann væri hér hjá okkur,“ segir Þórunn en undirstrikar að stemningin sé góð enda allir sem koma að framlagi Íslands vinir Sjonna og deili bæði gleði og sorg.

Þórunn segir að hópurinn hafi ekki sett sér nein önnur markmið en að bera út boðskap lagsins og koma tónlist Sjonna og strákunum á framfæri.




TILFINNINGARÚSSÍBANI Þórunn Erna Clausen og sönghópurinn Vinir Sjonna eru að leggja lokahönd á atriðið í Eurovision en áhersla verður lögð á nálægð og notalega stemningu.

„Auðvitað væri frábært að vinna en við erum alveg niðri á jörðinni og viljum fyrst og fremst bera út boðskap lagsins, að maður eigi að njóta dagsins því maður veit aldrei hvað gerist á morgun,“ segir Þórunn en hún finnur að erlendir fjölmiðlar sýna sögu hópsins mikinn áhuga enda mikilvægt að það komist til skila fyrir hvern hópurinn er að syngja, Sjonna. En við vitum að við erum með mjög gott lag í höndunum og höfum fulla trú á laginu. Við erum í frekar erfiðum riðli en vonum innilega að við

komumst í lokakeppnina svo að enn fleiri fái að hlusta á lagið okkar og boðskapinn. „Blaðamaður frá Katar sagði mér að lagið væri mikið spilað þar. Komíð í fimmta sæti á vinsældalista og svo vitum við að lagið er byrjað að spilast í Ástralíu,“ segir Þórunn og bætir við að það hafi alltaf verið eitt af markmiðunum að koma tónlist Sjonna á framfæri út í heimi.

Margir fjölskyldumelir Sjonna ætla að koma út og vera viðstaddir forkeppnina á morgun. „Við verðum stór hópur saman, margir úr tengdafjölskyldu minni og fullt af vinkonum mínum eru á leiðinni,“ segir Þórunn en hún ætlar að vera að koma heim næsta sunnudag og verður því á aðalkeppninni sama hvernig fer á morgun.

alfrun@frettabladid.is



## HRYLLILEGA KRASSANDI RUSLÓPERA MEÐ TÓNLIST TIGER LILLIES



„Mikið er nú gaman í leikhúsi þegar það er gaman!“ - EB, FBI

„Skemmtileg og hressandi leikhúsupplifun, öðruvísi og ögrandi“ - Íþ, Mbl



Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



# Varð stjarnan á fitness-móti

Kristín Kristjánsdóttir sigraði á Opna alþjóðlega fitness-mótinu sem haldið var í Austurríki um síðustu helgi. Kristín vakti mikla athygli og var meðal annars fjallað um hana í austurríska dagblaðinu NÖN.

Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur sigrar í heildarkeppni á alþjóðlegu líkamsræktarmóti og því er þetta frábær árangur hjá Kristínu. Þá vann hún Íslandsmeistaramótið í fitness sem fram fór um páskana og var einnig kjörin líkamsræktarmaður ársins hjá Alþjóðasambandi líkamsræktarmanna á Íslandi.

Að sögn Sigurðar Gestssonar, þjálfara og sambýlismanns Kristínar, er mótið í Austurríki afskaplega sterkt mót enda er greinin gríðarlega vinsæl bæði í Austurríki og nágrannalöndunum. „Kristín vakti mikla athygli þarna úti og var stjarna mótsins. Aldur hennar vakti líka athygli, en hún er orðin 45 ára gömul og var að keppa við stúlkur sem gætu hafa verið dætur hennar,“ segir Sigurður, sem er að vonum ánægður með árangur sambýliskonu sinnar.

Sigurður segir Fitness-íþróttina vera mjög vinsæla í Austurríki og telur að leikarinn og vaxtaræktartrílið Arnold Schwarzenegger hafi átt stóran þátt í að svo



GÓÐUR ÁRANGUR Kristín Kristjánsdóttir vann Opna alþjóðlega fitness-mótið sem haldið var í Austurríki um síðustu helgi. Hún hlaut mikla athygli og fjallaði meðal annars dagblaðið NÖN um hana. Á myndinni sést Kristín ásamt Sigurði Gestssyni, sambýlismanni sínum, og dóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



se. „Þetta er óvenju vinsæl grein þarna í Austurríki, líklega með vinsælli íþróttgreinum í landinu. Mér finnst ekki ólíklegt að Schwarzenegger eigi þar hlut að máli.“ Inntur eftir því hvort Kristín ætli nú að leggja lóðin á hilluna svarar Sigurður því neitandi. „Með sigrinum tryggði hún sér sæti á Evrópumótinu sem fram fer á Spáni í júní, þannig að hún hættir ekki strax,“ segir hann að lokum.

- sm



# Átaksnámskeið

6 vikna konu- og karlanámskeið hefst 16. maí

- Þú kynnist fjölda æfingaleiða: Plyometrics interval þjálfun, BodyVive, BodyPump, Zumba, Hot Yoga, M & N Training, Tabata ofl.
- Náðu sama árangri og stjórnum í Hollywood með æfingakerfum Natalie Portman, Tracy Anderson, Ryan Reynolds og Jake Gyllenhaal.
- Við fylgjumst vel með ástandi og árangri með reglulegum mælingum, vikulegum netpóstum og góðum ráðum um mataræði.
- Vertu í þínu besta formi í sumar.
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi.

**Konur:** Námskeið kl. 6.05, 9.15, 17.30, 3 x í viku.

**Karlar:** Námskeið kl. 18.30, 3 x í viku.

**Verð fyrir átaksnámskeið: 3 x í viku kr. 21.990.-\***

## Krefjandi konuátak

- Framhaldsnámskeið-hraðferð
- Árangur á met tíma, hámarks brennsla
- Vigtun, mælingar og mataræði sem veita strangt aðhald
- Vikulegur netpóstur

**Námskeið kl. 6.05 mán., mið. og fös. Námskeið kl. 18.30 mán., mið. og fim.**  
**Verð: Kr. 21.990.-\* Nánari upplýsingar á [www.hress.is](http://www.hress.is)**



Grafika 11



Fyrir

Eftir

## Brazil Butt Lift 6 vikna námskeið

Þetta æfingakerfi er sérþróað fyrir konur sem vilja stinnari kúlurass sem lítur betur út í sundfötunum, nærfötunum eða í uppáhalds gallabuxunum.

Leyndarmálið er svokallað "þríhyrninga" æfingar fyrir bossann sem þjálfar alla þrjá stærstu rassvöðvana á mismunandi hátt til þess að:

- Minnka ummál mjaðma og læra og losna við þaulsetna lærapoka;
- Móta og styrkja rassvöðvana til þess að skapa aðlaðandi kúlurass;
- Lyfta rassinum upp án skurðaðgerðar.

**Námskeið kl. 6.10 þri. og fim. Námskeið. kl. 12.05 mán. og mið. Námskeið. kl. 16.45 mán. og mið. 45 mín.**  
**Verð: Kr.16.990.-\* Kennari: Tanya Dimitrova.**  
**Námskeiðin byrja 16. og 17. maí. Nánari upplýsingar á [www.hress.is](http://www.hress.is)**

## Nýtt Zumba 6 vikna námskeið hefst 17. maí.

- Zumba er skemmtileg, árangursrík og einföld fitubrennslu veisla, sem er full af gleði og fyllt innblæstri frá Latin dansi.
- Zumba er fyrir alla: Bæði kvenmenn og karlmenn. Zumba er fyrir fólk á öllum aldri.
- Zumba mun koma þér í betra form og betra skap á sama tíma.
- Þér finnst þú vera að dansa og leika þér á meðan þú ert að brenna fullt af hitaeningum.
- Zumba mun móta kviðvöðvana þína, mjaðmirnar og lærin.
- 10 milljónir manna um allan heim stunda Zumba, sem er vinsælasta fitness æðið í dag.

**Þri. og fim. kl.12:05. 45 mín. Tanya Dalshrauni**  
**Þri. og fim. kl.17:30. 45 mín. Ally Ásvellir**  
**Kennarar: Ally og Tanya, sem er löggiltur alþjóðlegur Zumba Fitness danskennari.**

**Verð Kr. 16.990.-\***  
**Nánari upplýsingar á [www.hress.is](http://www.hress.is)**



## Sumartilboð

Þrjú mánuðir og þrjú próteindrykkir á aðeins

Kr. **15.990.-** Þú sparar 10.250.

**Við fylgjumst vel með í Hress og bjóðum uppá það árangursríkasta og vinsælasta í heiminum í dag.**

Skráning og nánari upplýsingar  
í síma 565-2212/565-2712 mottaka@hress.is [www.hress.is](http://www.hress.is)

ÁSMEGIN  
Sjúkragálfun

# HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2  
220 Hafnarfjörður  
hress@hress.is [www.hress.is](http://www.hress.is)

\*afsláttur af námskeiðum fyrir korthafa Hress samkvæmt kortaegn.



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Fint djóbb

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðust viku stóð **Eiður Smári Guðjohnsen** sig afar vel sem álitsgjafi á sjónvarpsstöðinni Sky Sports eftir leik Barcelona og Real Madrid í meistaraeldinni. Eiður sagði í samtali við Fréttablaðið að hann gæti vel hugsað sér sjónvarpsferil eftir fótboltann. Ljóst er að starf álitsgjafans í Bretlandi er afar eftir-sóknarvert og vel borgað.



Jamie Redknapp, sem spilaði lengi með Liverpool, sneri sér að sjónvarpinu þegar fótboltaferlinum lauk og ku þéna 100.000 pund á ári við það, eða um átján milljónir íslenskra króna á ári. Ekki slæmt fyrir að tala um það sem maður elskar.

#### Eignaðist dóttur

Skammt er stórra högga á milli hjá **Önnu Margréti Björnsson**, upplýsingafulltrúa Hörpunnar, því ásamt því að vinna hörðum höndum að opnun Hörpunnar eignaðist hún sitt þriðja barn á föstudag. Anna Margrét og sambýlismaður hennar, myndlistarmaðurinn Þórður Grímsson, eignuðust litla dóttur og heilsast móður og barni vel. Þá gaf hljómsveit þeirra skötuhrjú, Two Step Horror, nýverið út sína fyrstu hljómpötu og hefur hún fallið vel í kramið hjá rokkurum landsins.



- afb, sm

# NÝ LÍNA AF KING KOIL

## RÚMUM KOMIN Í HÚS ÁRGERÐ 2011

SÍÐAN ÁRIÐ 1898 HEFUR KING KOIL VARIÐ MIKLUM TÍMA OG FJÁRMUNUM Í AÐ PRÓA OG BÆTA FRAMLEIÐSLU SÍNA. ÞETTA ER EIN AF GRUNÐVALLARÁSTÆÐUM ÞESS AÐ KING KOIL RÚMIN ERU MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM. Í ÁR ER EINGIN UNÐANTEKNING OG NÚ KYNNUM VIÐ STOLT NÝJA OG ENN BETRI LÍNU AF HÁGÆDA HEILSURÚMUNUM FRÁ KING KOIL.

**15%**  
KYNNINGAR-  
AFSLATTUR  
Á NÝJU LÍNUNUM



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ekki hvatt til bólusetningar
- 2 Ráðist að heimili Ögmundar
- 3 Mistök að samþykkja umsókn í ESB
- 4 Fylltist þunglyndi og sjálfsvígshugsunum vegna Maddie
- 5 Kvótinn ekki eina ástæða fólksfækkunar

# 35%

## AFSLATTUR

NÚ GERUM VIÐ ENN BETUR ALLAR ELDRI GERÐIR EIGA AÐ KLÁRAST NÚNA!

**KING KOIL**  
HEILSURÚM FRÁ  
99.000 KR.



# rekkjan

HEILSURÚM

**FAUST**

**AUKASÝNINGAR!**  
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

**VesturPort**  
Borgarleikhúsið

568 8000 | borgarleikhus.is